



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Bílar & fjármögnun



Ný vikutilboð í dag!

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

14. mars 2012
63. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



Stjörnum prýdd opnun
Framleiðandinn Eva Maria Daniels stofnar Gallery for the People á netinu.

fólk 30

Stefnir á sigur

Ólafur Ágústsson keppir í Norðurlandakeppni í matreiðslu í næstu viku.

tímamót 18




Á leið til Ástralíu

Helga Margrét Þorsteinsdóttir er ekki enn laus við meiðsli aftan í læri.

sport 27

veðrið í dag



HVASST með S- og SA-ströndinni en annars hægari, en vaxandi vindur. Talsverð slydda og síðan rigning suðaustan og austan til. Norðanlands snjóar eftir hádegi.

VEÐUR 4

Barnaníðsmálum fjölga hjá lögreglu

Kærum til lögreglu vegna kynferðisbrota gegn börnum fjölgaði úr 41 í 58 milli ára 2010 og 2011. Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölga einnig.

LÖGREGLUMÁL Kærum til lögreglu vegna kynferðisbrota gegn börnum fjölgaði um 30 prósent milli ára 2010 og 2011. Í fyrra voru kærurnar 58 talsins en 41 árið á undan. Tilkynningum til barnaverndarnefnda vegna barnaníðs fjölgaði að sama skapi á tímabilinu, úr 428 tilkynningum árið 2010 í 461 árið 2011.

Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir fjölgunina greinilega.

„Það er mikil aukning í þessum málaflokki,“ segir hann. „Ef

litið er til síðustu ára hefur verið jöfn fjölgun á milli ára, það er að segja að það er stöðugt kært meira heldur en árin á undan.“

Þorbjörg Sveinsdóttir, sérfræðingur í Barnahúsi, tekur undir orð Björgvins og segir málunum fjölga stöðugt milli ára. Ástæðan liggja bæði í því að fólk sé orðið óhræddara við að kæra, en hún telur að sama skapi að brotum geti hafa fjölgað á síðustu árum.

„Það eru fleiri mál sem verið er að fara með í þennan rétta farveg og þau eru tekin fastari tökum,“ segir hún. „En eitthvað af þessu

getur líka skrifast á fjölgun mála.“ Þorbjörg segir kynferðisbrotum gegn börnum greinilega hafa fjölgað í kjölfar hrunsins. Erfitt sé að fullyrða hvort þau verði alvarlegri milli ára, en á hverju ári komi upp mjög alvarleg tilvik.

Hún bendir einnig á að allt sem tengist barnaníði á Netinu sé nýtilkomið. Málum vegna kynferðisbrota á Netinu fjölgi gríðarlega, þá sér í lagi þeim sem tengjast áreitni og vændi hjá börnum. Um 40 prósent mála sem koma til kasta Barnahúss enda í kæru hjá lögreglu.

- sv



FJÖLMENNT Á VESPU Þessir drengir þrímennu á rafmagnsvespu í Austurstræti í gær. Í undirbúningi er frumvarp til breytinga á umferðarlögum en nái það fram að ganga má enginn aka rafmagnsvespu nema hafa náð fimmtán ára aldri og staðist ökuþróf. Reyndar má heldur ekki þrímenna á vespu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Íþróttaálfurinn í yfirhalningu: Batman-hönnuður í Latabæ

FÓLK Undirbúningur fyrir tökur á þriðju þáttaröð Latabæjar stendur nú yfir og munu þó nokkrar skemmtilegar nýjungar líta dagsins ljós í þáttunum. Búningur Íþróttaálfins fær meðal annars útlitsyfirhalningu sem bandaríska fyrirtækið Iron-head Studio sér um. Fyrirtækið er á meðal færustu fyrirtækja í búningahönnun og hefur meðal annars hannað búningana fyrir Batman-myndirnar.

„Okkur langaði að uppfæra búninginn og gera hann meira spennandi með því að bæta við tækjum og tólum,“ segir Hrefna Björk Sværisdóttir, verk-efnastjóri Latabæjar.

- sm / sjá síðu 30



Formaður Framsóknarflokks: Ríkisolíufélag nauðsynlegt

STJÓRNSÝSLA Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, segir í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag að nauðsynlegt sé að tryggja að þjóðin öll njóti góðs af fínnist olíu og gas í íslenskrum lögsögu. Ríkisolíufélag sé liður í því.

Sigmundur segir að setja þurfi reglur um hvernig fara eigi með hugsanlegan ávinning af olíu- og gasvinnslu án þess þrýstings sem geti myndast á síðari stigum.

Þar mætti einnig líta til Nor-egs þannig að byggður yrði upp sjóður háður takmörkunum til að koma í veg fyrir að stjórnmálameðmenni freistist til að eyða óhóflega og skapa þenslu.

- ibs / sjá síðu 16

ms.is

NÝ BRAGÐTEGUND



með kókos

Aðgerðir hefði mátt skipuleggja betur segir fyrrverandi framkvæmdastjóri hjá Sí:

Bankastjórar í djúpri afneitun

LANDSDÓMUR Skipuleggja hefði mátt aðgerðir stjórnvalda í aðdraganda bankahrunsins betur að mati Tryggva Pálssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra fjármálasviðs Seðlabanka Íslands (Sí).

Tryggvi sagði fyrir Landsdómi í gær að þótt skipulagi aðgerða hefði verið ábótavant væri ekki víst að það hefði breytt neinu fyrir aðra en kröfuhafa bankanna. Hann gagnrýndi fyrrverandi bankastjóra harðlega: „Fyrrverandi bankastjórar sem halda því fram að þeir hefðu getað lifað þetta áfall af, jafnvel fjórum árum síðar, eru í mjög djúpri afneitun.“

Árni M. Mathiesen, fyrrverandi fjármálaráðherra,

kom einnig fyrir Landsdóm í gær sem vitni. Hann sagðist nú efast um heilindi breskra stjórnvalda þegar kom að því að flytja Icesave-reikningana úr útibúi Landsbankans í Bretlandi í þarlent dótturfélag.

Árni sagði samskipti við bresk stjórnvöld á árinu 2008 hafa verið „óskaplega skrítn“ og að hann hefði fengið það á tilfinninguna að þau vildu ekki vinna að þessari færslu Icesave-reikninganna.

Vitnaleiðslum fyrir Landsdómi lauk í gær. Hlé verður gert á aðalmeðferð málsins í dag, en á morgun og föstudag fer fram munnlegur málflutningur saksóknara og verjanda.

- bj, þsj / sjá síður 6 og 8

Ég ljúfa vil þér syngja söngva

Einstök örlagasaga um vináttu, leyndarmál og ástríður

NÝ KILJA



VAKA-HELGAPELL
www.fortagid.is

Skyr

Ný bragðtegund. Karamella!



Njóttu lífsins með heilbrigðum lífsstíl

Landsbankinn hjálpur fyrirtæki þínu að vaxa

Landsbankinn veitir fyrirtækjum víðtæka þjónustu og ráðgjöf um allt land. Hjá okkur geta stærstu fyrirtæki landsins jafnt sem þau smæstu fengið alhliða fjármálaþjónustu og greiðan aðgang að faglegri ráðgjöf.

Þarfir fyrirtækja breytast og þróast með tímanum. Landsbankinn getur veitt þínu fyrirtæki alhliða fjármálaþjónustu og hjálpað því að takast á við ný verkefni og breytilegar aðstæður.

Hvort sem það er fjármögnun, ávöxtun lausafjár, fjölbreyttar kortalausnir eða metnaðarfullur netbanki beintengdur við bókhald, þá er Landsbankinn til þjónustu reiðubúinn.





TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Sérstakur á alla vegu

RAV4 SPECIAL EDITION



special edition

Við kynnum hinn sívinsæla RAV4 í nýrri viðhafnarútgáfu. RAV4 Special Edition býr ekki aðeins yfir öllum þeim kostum sem íslenskir ökumenn hafa kynnst í innanbæjar- og utanbæjarakstri á RAV4 í fjölda ára. Hann er jafnframt einstaklega vel útbúinn jepplingur og gerir drjúgum meira en að uppfylla kröfur þeirra sem vilja upplifa eitthvað alveg sérstakt. Með Rav4 Special Edition fylgir þessi aukabúnaður:

- Toyota Touch
- Bakkmyndavél
- Dráttarbeisli
- Heilsársdekk
- Bluetooth
- Lyklalaust aðgengi
- Húddhlíf
- Aurhlíf
- Gluggavindhlífar



Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogi
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Geir H. Haarde fyrir Landsdómi – dagur 7



Bankastjórnarar í mjög djúpri afneitun

Seðlabanki Íslands gaf ekki út heilbrigðisvottorð fyrir íslenska bankakerfið vorið 2008 heldur varaði við án þess að valda sjálfur fjármálaáfalli. Neyðarlögin skiluðu góðri niðurstöðu og það eina sem frekari undirbúningur hefði skilað væru mögulega betri endurheimtur fyrir kröfuhafa bankanna. Þetta kom fram í vitnaleiðslum yfir Tryggva Pálssyni fyrir Landsdómi í gær.

Tryggvi Pálsson var framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabanka Íslands á því tímabili sem ákæran á Geir H. Haarde snýr að. Hann var einnig ritari samráðshóps um fjármálastöðugleika og ritaði hinar umdeildu fundargerðir sem eru að miklu leyti undirstaðan í málalögum gegn Geir. Tryggvi stýrði auk þess viðbúnaðarstarfi Seðlabankans. Vitnaleiðslur yfir honum snerust því að miklu leyti um þann viðbúnað sem var fyrir hendi innan íslenska kerfisins í aðdraganda bankahrunsins.

Tryggvi hóf vitnisburð sinn á því að telja upp ýmis skjöl og greiningar sem unnar höfðu verið innan Seðlabankans í aðdraganda hrunsins þar sem aðstoðjandi hætta var metin. Á meðal þeirra var skjal sem hann skrifaði í nóvember 2007 og heitir „Er íslenska fjármálakerfinu meiri hætta búin nú en var 2005/2006?“. Niðurstaða Tryggva var sú að svo væri. Auk þess skipaði Tryggvi sérstakan kríshóp innan Seðlabankans sem síðar starfaði fram að fjármálaáfallinu í október 2008. Þetta taldi Tryggvi meðal annars til marks um að mikið hefði verið unnið að viðlagaáætlun í aðdraganda þess.

140 sinnum Northern Rock

Tryggvi sagði að á vissan hátt væru grunnatriði í viðlagaáætlun fjármálakerfis þau sömu og í náttúruhamfaramálum. Vinnan við hana hefði ekki snúist um að vinna eitt skjal sem grípa ætti til ef í óefni horfði, heldur að gera alla tilbúna til að takast á við aðstæður sem gætu komið upp. Að mati Tryggva tókst Seðlabankanum að undirbúa sig mjög vel „þó að ýmsir hafi viljað taka þá skrautfjöldur af okkur“.

Sum vitni sem hafa komið fyrir Landsdóm, meðal annars Tryggvi Þór Herbertsson, hafa gagnrýnt að Seðlabankinn hafi ekki gert sér grein fyrir þeim smítáhrifum sem fall eins banka myndi hafa á allt kerfið.

Tryggvi hafnaði þessu og sagði alla stóru bankanna þrjá hafa verið greinda sem kerfislega mikilvæga. Til samanburðar hefði til dæmis Northern Rock, breskur banki sem féll fyrir á árinu 2008, ekki verið talinn kerfislega mikilvægur þar í landi en samt valdið gríðarlegum usla. „Þegar áfallið verður hér, þá er það sambærilegt



SEÐLABANKAMAÐUR Tryggvi Pálsson var framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabankans fyrir hrún. Hann sagði að stærstu eigendur bankanna, sem líka voru í lausafjávanda, hefðu verið „eins og gauksungi, heimtuðu sitt“.

Hershöfðingja hefði þurft til að leiða aðgerðahóp

Tryggvi sagði frá því að í aðdraganda hrunsins hefði hann haft þá skoðun að það þyrfti „öðruvísi hóp“ en samráðshópin, sem var upplýsinga- og skoðana-skiptahópur skipaður embættismönnum, til að taka næstu skref þegar leið að haustinu. Að hans mati hefði þurft að setja á fót aðgerðahóp sem myndi vinna út frá sérstakri áætlun og sem væri undir stjórn „hershöfðingja“, líkt og Tryggvi orðaði það. Samráðshópurinn, og hann þar með talinn, hafi ekki verið skipaður þannig manngerðum.

Andri Árnason, lögmaður Geirs, spurði Tryggva í kjölfarið hvort það gæti verið að umræddur „hershöfðing“ sem hann hugsaði um hefði mögulega verið til staðar innan Seðlabankans. Tryggvi sagðist þá „á engan hátt vera með ákveðinn mann í huga sem hershöfðingja, hvort sem það var Davíð Oddsson eða aðrir“.

við 140 Northern Rock banka í kerfislegri áhættu,“ sagði Tryggvi. Þá hafi allir erlendir aðilar litið á íslensku bankana sem eina heild. Því hafi alltaf verið gengið út frá því að ef einn lenti í vandræðum þá myndi það smita yfir á alla.

Djúp afneitun

Spurður um hvort aðgerðir stjórnvalda í aðdraganda banka-hrunsins hefðu verið fullnægjandi sagði Tryggvi að vissulega hefði mátt skipuleggja þær betur. Erfitt væri hins vegar að segja til um hvort það hefði breytt einhverju öðru, en að hugsanlega hefði tap kröfuhafanna orðið aðeins minna. „Fyrirverandi bankastjórnarar sem halda því fram að þeir hafi getað lifað þetta áfall af, jafnvel fjórum árum síðar, eru í mjög djúpri afneitun,“ sagði Tryggvi.

Hann lýsti því yfir í vitnastúku að honum fyndist neyðarlaga-setningin hafa tekist vel og að hún hefði skilað farsælli niðurstöðu miðað við þær aðstæður sem voru uppi.

Vildu ekki valda áfalli

Tryggvi mótmælti þeirri gagnrýni sem fram hafði komið hjá fjölda vitna undanfarna daga að skýrsla Seðlabankans um fjármálastöðugleika, sem birt hefði verið í maí 2008, hafi verið nokkurs konar heilbrigðisvottorð fyrir íslensku bankana. Í henni hafi meðal annars verið að finna setningu um að „ríkjandi aðstæður

reyna á viðnámsþol bankana,“ og töflu yfir helstu áhættuþætti sem steðjuðu að þeim. Bankinn hafi í raun gengið eins langt og hann gat í að lýsa stöðunni án þess að „við myndum að eigin frumkvæði valda fjármálaáfalli“. Tryggvi rökstuddi þessa fullyrðingu með því að ef Seðlabankinn hefði sagt opinberlega að bankakerfið væri í verulegum vanda státt þá hefðu allar lánalínur lokast samstundis og allt farið á hliðina í kjölfarið.

Eins og gauksungi

Líkt og önnur vitni var Tryggvi spurður út í tilraunir bankanna til að selja eignir, flytja úr landi eða afla lausafjár á árinu 2008. Hann sagði Seðlabankann hafa fylgst vel með þessum tilraunum, bæði með upplýsingum frá bönkunum sjálfum en eins frá erlendum aðilum. Allar þessar tilraunir hefðu verið kortlagðar innan Seðlabankans.

Hann benti einnig á möguleikann á því að þeir peningar sem hægt hefði verið að leysa innan bankanna yrðu ekki notaðir til að auka lausafjárstöðu þeirra, heldur hefðu getað „farið út um bakdyrnar“ til stærstu eigenda bankanna sem voru líka í lausafjávanda. „Þeir, eins og gauksungi, heimtuðu sitt,“ sagði Tryggvi.

Þórður Snær Júlíusson

thordur@frettabladid.is



Orðrétt

„Ég var persónulega orðinn mjög sannfærður um það um sumarið [2008] að óveður væri að fara að skella á Íslandi.“

Steingrímur J. Sigfússon sagði það skjal-fest að hann hafi óttast um efnahagskerfið allt frá árinu 2005.

„Stökkin voru ekki jöfn á milli bankanna. Þau voru skrykkjótt.“

Árni M. Mathiesen reyndi að lýsa því hvernig efnahagsreikningar bankanna stækkuðu á árunum fyrir hrún.

„Nú er ég bara klukkulaus, hún stoppaði.“

Sigríður Friðjónsdóttir saksóknari svaraði athugasemd formanns Landsdóms, sem var farinn að lita á klukku sína.



HEIMSENDINGAR UM ALLT LAND

Lækkaðu lyfjakostnaðinn

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

LYFJAVER

Opíð mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN

ALLIR GÖNGUSKÓR Á
20% AFSLÆTTI

YFIR 35 GERÐIR



EVEREST

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN

Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

PERSONULEG ÞJONUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF



Fimmtudaga á Stöð 2

Danskir dagar

JENSEN'S TILBÚNIR RÉTTIR

Buff stroganoff
Favorit pottréttur
Mörbrad gryde

Jensen's BBQ svínarífr

- sem þarf aðeins að hita í ofni eða á grilli

Graasten salöt



Jensen's
- Tsatziki köld sósa

Tulip álegg í úrvali



TULIP ÁLEGG

Hamborgarhyggur
Rúllupylsa
Reykt rúllupylsa
Steiktur kambur
Roastbeef
Nautabringa
Dönsk salami
Hvítlauksspægipylsa



Jolly Cola
0,5 líter

GOTT VERÐ
199 kr/stk



Hot dog pylsur, pilsbrauð og dressing
allt sem þú þarft í danska Pølse



Wonderful Copenhagen kek
algjört sælgæti

GOTT VERÐ
699 kr/stk



Viking rúgbrauð, 1 kg
beint frá Danmörku

GOTT VERÐ
599 kr/stk



Sambakossar
2 tegundir

GOTT VERÐ
199 kr/stk



Jaka Bov skinka

GOTT VERÐ
599 kr/stk



Danskir goddrykkir
Squash og Cola

GOTT VERÐ
99 kr/stk



Lakrids, handgerður
3 spennandi tegundir

Wgheder
pá
danske dage



OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

Gildir til 18. mars á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

FYRIR BAÐIÐ

Tilboð!

STURTUhorn

Hert öryggisgler • Sturtubotn og vatnslás fylgja

heilir Sturtuklefar

Hert öryggisgler allan hringinn • Sturtuset fylgir



26.900

HERT ÖRYGGISGLER

CE ISO 9001



56.900

HERT ÖRYGGISGLER

CE ISO 9001

Lausar hlífar framán á botni



stgr. **12.900**

verð frá **25.900** stgr.

stgr. **2.750**

verð frá **19.900** stgr.

RÚNNAÐ STÆRÐIR: 80x80

RÚNNAÐUR STÆRÐIR: 80x80 og 90x90

STURTUSTANGARSETT BARKATENGT


STURTUSTÖNG MED THERMÓ

STURTUSTANGIR MED STURTHAUS, BARKA OG SÁPUSKÁL

BAÐKÖR

emilerað stál

verð frá **26.800** með fótum



Stærðir: 150x75 - 160x75 - 160x70 - 170x70 - 170x75sm



14.900

HITASTYRÐ BLÖNDUNARTÆKI STURTU/BAÐTÆKI



11.900

HITASTYRÐ BLÖNDUNARTÆKI STURTUTÆKI m/STÚT UPP EDA NIÐUR



1.750

STURTHAUSAR MED BARKA OG VEGGFESTINGU



6 hlutir

BAÐÁHÖLD - SETT

3.900

Á MEDAN BIRGÐIR ENDAST!

www.i-t.is

INNRETTINGAR & TÆKI

- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



Er gæludýr á þínu heimili?

Já 44,2%
Nei 55,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Var rétt hjá Alþingi að herða gjaldeyrishöftin?

Segðu þína skoðun á visiris



Landsbankinn fellur frá fyrirætlunum um að skrá Horn í Kauphöllina:

Horn ekki á markað á næstunni

VIÐSKIPTI Horn fjárfestingafélag, dótturfélag Landsbankans, verður ekki skráð á hlutabréfamarkað á næstunni eins og til stóð. Stefnt er að því að taka ákvörðun um framtíð Horns á næstu vikum.

Í tilkynningu Landsbankans kemur fram að bankinn telji óvíst að hann mundi ná því markmiði sínu að selja 80 til 90 prósent hlut í félaginu á skömmum tíma með skráningu í Kauphöllina. Því hafi bankinn ákveðið að kanna fleiri leiðir varðandi sölu á Horni.

Enn fremur segir að bankinn leggi áherslu á að hámarka virði

eignarluta sinna í félögum. Þá sé stefnt að því að draga úr vægi hlutabréfaeignar í félögum í ótengdum rekstri á efnahagsreikningi banks.

Heildareignir Horns eru um 30 milljarðar króna og er eigið fé félagsins um 24 milljarðar. Meðal eigna félagsins eru Intrum Justitia, 3,95 prósent hlutur í Eimskipi, 12,5 prósent hlutur í Eyri Invest og 49,9 prósent hlutur í Promens.

Samkvæmt formlegum áætlunum Kauphallarinnar er gert ráð fyrir sjö nýskráningum á þessu

24 milljarðar eru eigið fé Horns en heildareignir nema um 30 milljörðum.

ári þótt einhverjar þeirra kunni að dragast fram á næsta ár. Horn átti að vera fyrst í þessum eða næsta mánuði en flestar nýskráninganna áttu að vera haust. Í desember síðastliðnum fór fyrsta nýskráning félags í Kauphöllina eftir bankahrun fram þegar Hagar voru skráðir á markað.

Hollande spáð sigri:

Marine Le Pen fer í framboð

FRANKLAND, AP Marine Le Pen, dóttir þjóðernissinnans Jean Marie Le Pen, hefur undirgitt sér nægilega margar undirskriftir til þess að geta boðið sig fram í forsetakosningum í næsta mánuði.

Þar keppir hún við Nicolas Sarkozy, núverandi forseta, sem undanfarið hefur reynt að höfða til þjóðernissinna í von um að ná þar atkvæðum.

Samkvæmt nýjustu skoðanakönnunum er Sarkozy spáð sigri í fyrri umferð forsetakosninganna.

- mbl

- gb

HELLMANN'S MAJÓNES ER TILVALIÐ Á BRAUÐTERTUNA

HELLMANN'S
Ekta majónes



Í SVARTSENGI 80 prósent kvenna eru jákvæð gagnvart nýtingu jarðvarma og 88 prósent karla, að því er fram kemur í nýrri könnun. Fimmtán prósent kvenna láta sig málið engu skipta, en bara átta prósent karla.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jarðvarminn býður mörg góð tækifæri

Ný könnun sýnir að níu af hverju tíu telja mikil tækifæri fólgin í nýtingu jarðvarma. Forstjóri ÍSOR segir mikilvægt að umgangast landið af virðingu.

ÍDNADUR Nærri níu af hverjum tíu telja mikil tækifæri til verðmætasköpunar í starfsemi sem tengist nýtingu jarðvarma hér á landi. Þá eru nærri 84 prósent jákvæð gagnvart nýtingu jarðvarma.



ÓLAFUR G. FLÓVENZ, forstjóri Íslenskra orkurannsóknna (ÍSOR), ekki á óvart enda jarðhiti notaður hér á landi á margvíslegan máta. Nægi þar að nefna heita vatnið sem notað sé til húshitunar og spari þjóðarþúinu tugmilljarða á ári.

„Þarna eru við kannski búin að ná flestu því sem hægt er með hagkvæmum hætti,“ segir hann, en bendir á að heitt vatn megi svo einnig nota í margvíslegum iðnaði, landbúnaði og fiskeldi. „Þetta er spurningin um að finna þau tækifæri sem fyrir hendi eru. Fiskeldi virðist til dæmis dafna alveg þokkalega,“ segir hann og bendir á tilraunir til að ala hér heitsjávartegundir.

Hvað varðar jarðhita til raforkuframleiðslu segir Ólafur að miðað við spár um orkuverð og að teknu tilliti til talna sem Landsvirkjun hefur birt um þjóðhaglegan gagnad af starfsemi Landsvirkjunar sé ljóst að þar séu tækifæri til verðmætasköpunar.

Eins segir Ólafur misskilning að nýting á jarðhitasvæðum geti á

Viðhorf til nýtingar og verðmætasköpunar

Hversu jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) ert þú gagnvart nýtingu jarðvarma á Íslandi?

	Fjöldi	Hlutfall
Mjög jákvæð(ur)	349	42,7%
Frekar jákvæð(ur)	337	41,1%
Hvorki né	97	11,8%
Frekar neikvæð(ur)	31	3,8%
Mjög neikvæð(ur)	4	0,5%

Hversu mikil eða lítil tækifæri telur þú vera til verðmætasköpunar í starfsemi sem tengist nýtingu jarðvarma á Íslandi?

	Fjöldi	Hlutfall
Mjög mikil tækifæri	307	40,2%
Frekar mikil tækifæri	372	48,7%
Hvorki né	75	9,8%
Frekar lítil tækifæri	9	1,1%
Mjög lítil tækifæri	1	0,2%

Heimild: Gekon/Capacent Gallup

einhvern hátt gengið á rétt komandi kynslóða. Varmaforðinn á svæðinu sé slíkur að þótt ágangur virkjunar sé aðeins meiri en nemur endurnýjun á svæðinu sé það svo lítið að það skipti engu máli.

Vissulega séu samt atriði sem leysa þurfi tengd þessum virkjunum. Þótt útblástur brennisteinsvetnis sé ekki hættulegur þá sé hann kannski ekki heppilegur. „Það er vond lykt af þessu og þetta er því bara eitt af þessum verkefnum sem verður að leysa.“

Sama segir Ólafur eiga við jarðskjálfta sem stundum fylgi jarðvarmavirkjunum. „Menn eru að fást við þetta víða um heim og finna leiðir til að draga úr þessu.“ Ólafur segir hins vegar mikilvægt að umgangast landið af virðingu á þessum athafnasvæðum. „Menn eiga að búa svo um hnútana að verði ákveðið að hætta þá eigi menn að geta gengið þannig frá landinu að röskunin verði örósýnileg.“

Könnunin sýnir að rúm fjögur prósent setja sig upp á móti nýtingu jarðvarma.

olikr@frettabladid.is

20. mars
11. apríl

frá kr. 29.900*

Kanarí Tenerife

Heimsferðir bjóða flugsæti eingöngu á frábæru verði aðra leiðina til Kanarí eða Tenerife 20. mars. Einnig flugsæti eingöngu til Kanarí aðra leiðina 11. apríl.

Stökktu til Kanaríeyja frá kr. 79.900
Verð m.v. 2-4 í herbergi/stúdíó/íbúð í 8 nætur 20. mars.

* Flug á mann aðra leið með sköttum kr. 29.900

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

FRELSI TIL AÐ FERÐAST



Volkswagen Tiguan sportjeppi eyðir aðeins 5,8 l á hverja 100 km.

Í Volkswagen Tiguan sameinast fullkomið fjórhjóladrif, sparneytin dísilvél og einstakir akstursegínleikar sem veita þér algjört ferðafrelsi. Hægt er að velja mismunandi útfærslur og má þar nefna Sport & Style fyrir þá sem vilja sportlega hönnun eða Track & Sport fyrir þá sem vilja meiri torfæruakstur.

Tiguan er með 2.0TDI, 140 hestafla dísilvél sem nýtir BlueMotion tæknina frá Volkswagen þar sem áhersla er lögð á lágmarks eyðslu eldsneytis og hámarks umhyggju fyrir umhverfinu. Kynntu þér kosti Volkswagen Tiguan og veittu þér sannkallað frelsi til að ferðast.

Tiguan kostar aðeins frá
5.590.000 kr.

63.088 kr. á mánuði í 84 mánuði miðað við 30% útborgun og græna bílafjármögnun Landsbankans. Óverðtryggðir, breytilegir vextir. Ekkert lántökugjald.



Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

Náttúruminjasafn Íslands – Tímabært?

Náttúruminjasafn

Georg Fríðriksson
starfsmaður
Náttúruminjasafns
Íslands



Þann 29. febrúar birtist í Fréttablaðinu grein eftir Hjörleif Finnsson, heimspeking og þjóðgarðsvörð, þar sem vangaveltur um Náttúruminjasafn Íslands eru viðraðar. Umfjöllun um Náttúruminjasafn Íslands er þakkarverð og ljóst að greinarhöfundur hefur áhuga á safninu.

Náttúran og fræðslan um hana

Nálgunin við náttúruminjasafnið í Kalkútta er áhugaverð, helst vegna þess að þar lýsir greinarhöfundur því sem öll náttúruminjasöfn bjóða gestum sínum upp á: sýnishornum úr náttúrunni. Sýningar náttúruminjasafna eru yfirleitt tvenns konar, annars vegar föst sýning sem oftast er virðuleg eins og sú rykfalna sem greinarhöfundur nefnir, hins vegar tímabundnar þemasýningar sem greinarhöfundur gæti hafa farið á mis við meðan á heimsókninni stóð. Óvíst er hvað hugmyndafræði nýlenduherra liðinna tíma og löngun og vilji Vesturlandabúa til að drottna yfir umhverfi sínu snertir enn ómótað Náttúruminjasafn Íslands á 21. öld. Fyrri aldir höfðu í för með sér mikla möguleika fyrir náttúruminjasöfn, enda engar reglur sem takmörkuðu öflun muna og aðgangur safna að náttúruminjum því góður. En hvað breyttist? Hafa náttúruminjasöfn dregið úr söfnun? Nei, því fer fjarri. Ef skoðuð eru söfn grannþjóða Íslands kemur annað í ljós. Sýna menntakerfi grannþjóðanna náttúruminjasöfnum minni áhuga en fyrr? Nei, skipulagðar heimsóknir nemendahópa þykja ómissandi í fræðslu um einmitt náttúruna.

Staðreyndin er sú að þó svo að fróðlegt og skemmtilegt sé að ganga um náttúruna er lítil hluti hennar aðgengilegur almenningi í raun. Greinarhöfundur hefur eflaust hugmyndir um hvernig almenningur gæti kynnt sér til dæmis fiska sem lifa á meira dýpi en sem nemur tveimur metrum úti í náttúrunni, fugla sem fólk sér sjaldnast nema úr fjarlægð og krefst þjálfunar að greina eða jarðfræðifyrirbrigði sem ekki hver sem er þekkir. Þetta gera náttúruminjasöfnin í þágu almennings. Þau færa náttúruna heim í hús og kynna hana almenningi.

Eflaust hefur greinarhöfundur líka hugmyndir um hvernig færa mætti þá sem ekki komast fyrir eigin atbeina út í náttúruna. Er náttúran kannski ekki fyrir þann þjóðfélagshóp? Fyrir náttúruminjasöfnum er það fólk hluti almennings og hefur rétt á að skoða náttúruminjar.

Náttúruminjasafn Íslands

Greinarhöfundur nefnir réttléga að Náttúruminjasafn Íslands hafi fræðslu- og miðlunarhlutverk, en rangt er að stofnunin hafi fyrst og fremst þessu hlutverki að sinna, helsta hlutverk hennar er að vera safn. Þá vakna eflaust spurningar, svo sem: Hvað er safn og hvað gerir safn? Söfn safna munum, greina þá, skrá og varðveita. Menningarlegi þátturinn, sem greinarhöfundur talar um, er afrakstur ferlisins sem safnmunurinn gengur í gegnum áður en hægt er að fræða nokkurn um hann.

Rannsóknir Náttúruminjasafnsins beinast að náttúruminjum sem verða að safnmunum, ekkert er loðið þar. Fagfólk náttúruminjasafna, sem sinnir munum safna, er að langmestu leyti sérfræðingar á sviði flokkunarfræði og skiptir litlu hvort um ræðir dýr, plöntur eða jarðfræðilega muni, allt þarf að greina áður en ákvörðun um framtíðardvöl munarins liggur fyrir.

Þegar greinarhöfundur fjallar um náttúrufræðisrannsóknir ætti hann ef til vill að staldra við. Fleiri stofnanir en Náttúrufræðisstofnun Íslands sinna náttúrufræðisrannsóknum, til dæmis Hafrannsóknastofnun, Veðimálastofnun, Veðurstofan, náttúrustofurnar, Íslenskar orkurannsóknir og allar þykja þarfar.

Ef ekki er lengur þörf fyrir náttúruminjasöfn sem starfa eftir aldalöngum hefðum, og gefist hafa vel hingað til, hvað á þá við um önnur söfn eins og Þjóðminjasafn Íslands? Má með sömu rökum segja að gestum þess nægi að

Náttúruminjasöfn eru ekki bara sýningar á munum úr náttúrunni. Þau eru setur þekkingar og vísinda...

finna sér gömul hús og skoða þau og innviði þeirra, nú eða gamlar rústir og róta svolítið sjálfir til tilbreytingar? Listasöfn eru þá heldur ekki þörf, almenningur getur í

staðinn fengið sér viðeigandi áhöld og lagt stund á eigin listsköpun.

Framtíðin

Engum dylst sú ömurlega staða sem Náttúruminjasafn Íslands er í. Veigamikill þáttur í vandræðum þess er einmitt skortur á húsnaði sem hýst getur stofnun er á að sinna þeim þáttum sem lög um safnið segja til um. Greinarhöfundur þarf ekki að samsinna stefnu náttúruminjasafna í starfsemi sinni, hins vegar missir greinin marks þar sem hann virðist ekki hafa kynnt sér hlutverk, tilgang og starf náttúruminjasafna

almennt svo og Náttúruminjasafns Íslands.

Náttúruminjasöfn eru ekki bara sýningar á munum úr náttúrunni. Þau eru setur þekkingar og vísinda, enda er ekki nema örlítil hluti safneignar þeirra til sýnis. Náttúruminjasöfn eiga þakkar skildar fyrir þátt sinn í þeirri þekkingu sem til staðar er um náttúruna. Þau veita innsýn í hið liðna með hinni miklu söfnun náttúruminjar sem orðið hefur fyrir atbeina þeirra síðustu tvær til þrjár aldir. Það sem sést í náttúrunni í dag er óvíst að verði til staðar á morgun.

240.000.000
+260.000.000

5000000

Tvöfaldur fyrsti vinningur stefnir í 240 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 260 milljónir. **Ekki gleyma að vera með! Fáðu þér miða fyrir klukkan fimm í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

V Í K I N G A

LOTTO

ALLTAF Á MÍÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 14. MARS 2012

A.	12	14	17	21	41	48
B.	05	16	23	36	37	38
C.	07	09	13	22	34	38
D.	03	06	19	24	25	31
E.	11	19	21	25	38	42
F.	01	25	35	36	39	46
G.	18	19	20	23	28	
H.	22	27	29	39	46	

RÖBIN KOSTAR 70 KR.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



DAGUR GUÐMUNDAR GÓÐA

Boðið verður upp á dagskrá í tengslum við dag Guðmundar biskups góða á Hólum í Hjaltadal á föstudag. Meðal viðburða má nefna tónlistatriði og málþing um siðfræði. Dagskráin hefst klukkan 16. UPPLÝSINGAR | SÍMI 4536300.

Hugsaðu vel um fæturna

Í meira en hálfra öld hafa milljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK® sér til heilsubóta. Hvað um þig? Teg: Florida. Verð: 12.885,-



Misty skor

Laugavegi 178

BIRKENSTOCK

Vertu vinur

Sími 551 2070

Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugard. 10-14.

Margir litir
Stærðir: 36 - 42

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is



White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

Þvottvélin tekur
heitt og kalt vatn

Afkastamikill
þurrkari



RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk
gæðavara

Amerísk
gæðavara



HJÓLIÐ ALLTAF AÐ KOMA STERKAR INN

KEPPNISMAÐUR Jónas Stefánsson, þrefaldur Íslandsmeistari í SnoCross, er jafnvígur á vélsleða og mótörhjól. Hann er á leið norður í land þar sem hann tekur þátt í Mývatnsmóttinu 2012 um helgina.

Vélsleðasportið er minn heima-völlur en undanfarin ár hefur hjólið verið að koma sterkar inn hjá mér, enda meira keppt á því heldur en á sleðunum og fjölbreyttari möguleikar," segir Jónas Stefánsson, margfaldur Íslandsmeistari í SnoCross, sem fer fram á vélsleðum, og landsliðsmaður í Enduro, sem fer fram á mótörhjólum. „SnoCrossið sem var í gamla daga hefur alveg lagst af og við vorum að reyna að starta nýjum grundvelli með Sno Enduro, reyna að fá menn til að halda áfram að keppa. Það tókst bara mjög vel. Fyrsta keppnin fór fram 4. febrúar og þar kepptu hátt í þrjátíu keppendur.“

Jónas er á leiðinni norður í land þar sem hann mun um helgina taka þátt í Mývatnsmóttinu 2012, sem hann segir vera eina mestu mótorsportsveislu ársins. Mótið hefst á föstudag og stendur fram á sunnudag og verður keppt meðal annars í Sno Cross Country og Ískrossi. „Í Ískrossinu er keppt á frosnum vötnum á mótörhjólum sem eru sérútbúin til að keyra á ís. Búinn er til hringur á ísnum

sem hjólin keyra.“ segir Jónas. „Sno Cross Country, sem líka kallast Sno Enduro, fer fram á vélsleðum og er þolakstur á brautum sem lagðar eru í landslaginu.“ Dagskrá Mývatnsmótsins í heild er að finna á vefsíðunni jonni.is.

Jónas hefur keppt á vélsleða síðan 2003 og á mótörhjól frá 2004. Hann hefur þrisvar sinnum orðið Íslandsmeistari í SnoCross og einnig tekið þrisvar sinnum þátt á Heimsmeistaramóti í þeirri keppnisgrein fyrir Íslands hönd. „En ég hef aldrei verið í vinningssæti í Ískrossinu á Mývatnsmóttinu,“ segir hann hlæjandi. „Bara svona verið með.“

Jónas slær síður en svo slöku við í sportinu þótt snjó og ís hverfi á braut. „Í sumar verða sex keppnir í Motocrossi og fjórar í Enduro Cross Country á hjólum,“ segir hann. „Sú fyrsta er snemma í maí og sú síðasta í byrjun september og þær verða víðs vegar um landið. Þetta eru langar keppnir, þolakstur á mótörhjólum eftir brautum sem lagðar eru í landslaginu. Það er mín helsta keppnisgrein á hjólinu.“

TIL Í SLAGINN

Bæði sleðinn og hjólið verða notuð á Mývatnsmóttinu um helgina þar sem Jónas tekur þátt í mörgum keppnisgreinum.

MYND/ANTON

SNO CROSS COUNTRY

Ný grein sem er keyrð í fyrsta sinn til Íslandsmeistara í vetur

Þolakstur á sleðum

Brautir lagðar í landslaginu

Langar keppnir

■ fsb

Kate Winslet í verðlaunaþáttum

MILDRED PIERCE

Í kvöld kl. 21.15 á Stöð 2

BERTOLI HÁGKAUP
Blá, fersk helga verk

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

BIÓ EXTRA

TACOS
Nauta tacos:
Tortillur, nautakjöt, sterk/mild sósa, fersk salsa, kornsalsa, fajitas og ostur.
Aðeins 494 kcal.

Culiacan
Suðurlandsbraut 4a
533 1033 www.culiacan.is

1.340,-



NÝ SENDING AF SPARIKLÆÐNAÐI

Útsalan að klárast en meiri lækkun

B/A/S/L/E/R

Skipholti 29b • S. 551 0770



NAUÐSYNLEGIR SMÁHLUTIR

■ **HEILRÆÐI** Fyrir sólarlandaferð er gott að aðgæta hvort nokkuð í farangri hafi gleymst. Nauðsynlegir smáhlutir eru sól- arvörn, plástur, verkjalyf, töflur við brjóstsviða, lítil skæri, flöskupptakari, flísatöng, vörn gegn moskító-flugum og bakteríudrepandi krem gegn húðsýkingum. Þeir sem neyta lyfja daglega ættu að pakka nokkurra daga skammti í litlar umbúðir og hafa í handfarangri.

Rafstilling ehf

	Startarar Alternatorar
Viðgerðarþjónusta Varahlutir	
	Flottar og ódýrar bilaperur
Heimilis LED perur white og warm white	

Dugguvogi 23 rafstilling@rafstilling.is 581-4991

Höldum Páska í Dalakofanum. Gönguskiðaferð Jeppaferð á eigin jeppum


Nánari upplýsingar á utivist.is eða í síma 562 1000

Fermingartilboð

lindesign.is sendum frítt

Lín DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 Sími 5332220 www.lindesign.is



HEILLANDI HÖFUÐBORG
Ása Kristín Einarsdóttir vann eitt sumar í Stokkhólmi gegnum Nordjobb.
NORDICPHOTOS/GETTY

STAÐIÐ Á EIGIN FÓTUM

AUKIN TENGL Nordjobb hefur verið starfrækt frá árinu 1985 til að auka tengslin milli allra Norðurlandanna sem og að auka þekkingu á tungumálum þjóðanna og menningu. Allir á aldrinum 18 til 28 ára geta sótt um.

Að fara sem nordjobbari er ógleymanleg reynsla,“ segir Valdís Ösp Árnadóttir, starfsmaður hjá Nordjobb á Íslandi. „Nordjobbarar kynnast menningu og þjóð, læra nýtt tungumál, eignast fullt af nýjum vinum og öðlast einnig persónulegan þroska.“ Allir á aldrinum 18 til 28 ára geta sótt um sumarstarf gegnum Nordjobb. Umsækjandi fær aðstoð við að finna vinnu og húsnæði í einhverju Norðurlandanna og auk þess heldur Nordjobb úti tómstundastarfi. Valdís segir Nordjobb góðan valkost fyrir íslensk ungmenni í dag þegar mikið sé um atvinnuleysi yfir sumarmánuðina. „Umsóknartímabilið er komið á gott skrið og mörg íslensk ungmenni stefna á að finna sér vinnu á Norðurlöndunum í sumar. Umsóknarfrestur er til 31. maí en í dag stöndum við einnig fyrir námskeiði fyrir þá sem stefna á að fara út sem nordjobbarar,“ útskýrir Valdís. Á námskeiðinu verður farið yfir hvernig gera má ferilskrá og hvað þarf að hafa í huga þegar flutt er til nýs lands. Námskeiðið hefst klukkan 16.30 í Húsi Norræna félagsins.

■ **TRYGGVI GUNNARSSON**
23 ÁRA NEMI Í RAFMAGNSVERKFRÆÐI VIÐ HÍ FÓR SEM NORDJOBARI TIL FINNLANDS SUMARIÐ 2011.
„Ég fór að vinna í úthverfi Helsinki, fyrst við garðyrkju og síðan við smíðar. Þetta var í fyrsta skipti sem ég fór þetta lengi einn að heiman en ég fékk enga heimþrá, gleymdi mér bara í því að hafa gaman,“ segir Tryggvi sem var tæpa þrjá mánuði úti. Hann kunnir ekki stakt orð í finnsku þegar hann fór út en bjargaði sér á ensku. „Finniska er ekki auðvelt tungumál en ég lærði orð og orð hjá vinnufélagunum. Nordjobb bauð líka upp á smá tungumálakennslu.“ Tryggvi leigði íbúð í miðri Helsinki með sex öðrum strákum til að byrja með en flutti svo á stúdentagarðana í Espo. Hann vann til klukkan fjögur á daginn og fór í ferðir með

Nordjobb hópnum, meðal annars til Tallin í Eistlandi. „Ég var eini Íslendingurinn í Helsinki en í ferðinni hitti ég Íslendinga sem voru annars staðar í Finnlandi. Ég held ennþá sambandi við krakkana sem ég kynntist úti, bæði nordjobbara og strákana sem ég leigði með,“ segir Tryggvi og mælir með því að eyða sumri sem nordjobbari. „Já, hiklaust! Ekki til að safna peningum kannski en til að safna reynslu. Mér fannst til dæmis hressandi að taka lest í vinnuna á morgnana, það er eitthvað sem maður á ekki að venjast á Íslandi.“

■ **ÁSA KRISTÍN EINARSDÓTTIR**
22 ÁRA NEMANDI Í MÁLVÍSINDUM Í HÍ FÓR SEM NORDJOBARI TIL SVÍPÞÓÐAR SUMARIÐ 2010.
„Ég fór að vinna með öldruðum í Stokkhólmi. Ég talaði ekki sænsku áður en las og æfði mig sjálf áður en ég fór út. Þetta var „eldgosasumarið mikla“ og fólki fannst spennandi að ég kæmi frá Íslandi. Ég sat oft bara heilu dagana og spjallaði við gamla fólkið og lærði auðvitað mikið á því,“ segir Ása. Hún kunnir vel við sig í Stokkhólmi. „Þetta er yndisleg borg. Ég hafði tækifæri til að ferðast um landið en ég var að langmestu leyti í borginni. Ég hafði uppi á tveimur íslenskum stelpum sem voru líka nordjobbarar og við vorum mikið saman, stunduðum kaffihúsin og kíktum í H&M,“ segir Ása og hlær. Spurð hvort hún hafi fengið heimþrá viðurkennir hún að erfitt hafi verið að fara frá mömmu. „Þetta var í fyrsta skipti sem ég fór ein að heiman. Fyrstu vikuna grenjaði ég allan tímann en svo jafnaði ég mig. Ég man að ég fékk nett tugaáfall þegar ég þurfti fyrst að fara út í búð að kaupa í matinn og hringdi grátandi í mömmu. En svo lærði ég inn á þetta,“ segir Ása og hlær að minningunni. Hún segist betri manneskja fyrir vikið. „Ég lærði bara svo margt og væri ekki sama manneskja og ég er í dag ef ég hefði ekki farið. Þetta er frábær reynsla til að læra að standa á eigin fótum. Henda sér bara út í djúpu laugina.“ ■ rat



SPENNANDI
Valdís Ösp Árnadóttir, verkefnisstjóri hjá Nordjobb á Íslandi segir sumarmánuð gegnum Nordjobb spennandi valkost fyrir ungmenni í dag þar sem atvinnuleysi sé talsvert yfir sumarmánuðina.
MYND/STEFÁN



LÆRDÓMSRIKT
Tryggvi Gunnarsson var nordjobbari í Finnlandi.
MYND/STEFÁN



YNDISLEGT
Ása Kristín Einarsdóttir var nordjobbari í Svíþjóð.
MYND/HAG

BÍLAR & FJÁRMÖGNUN

Kynningarblað Græn bílafjármögnun, fjármögnun á eldri bílum, Ferrarisafn og Batmanbílar.



Hönnun nýja safnsins er mjög nýmóðins.



Ítölsk mótörhjólalögga skoðar Alfa Romeo Bimotore frá 1935.

NORDICPHOTOS/GETTY



Glæsilegur 1948 Ferrari SpA 166 MM Barchetta Touring.



Til vinstri á myndinni er Maserati A6G/54 2000 af árgerðinni 1955 og í bakgrunni er Stanguellini Junior.



Safnið samanstendur annars vegar af uppgerðu húsi sem var fæðingarsalur Enzo Ferrari og hins vegar af nýttiskulegum sýningarsal.

Nýtt safn tileinkað Enzo Ferrari

Safnið Museo Casa Enzo Ferrari opnaði í Modena á Ítalíu um síðustu helgi. Safnið er tileinkað Enzo Ferrari, hugmyndasmið Ferrari ofurbílsins. Safnið tengir saman fortíð og nútíð en þar er að finna bæði Ferrari bíla og aðra sportbíla sem tengjast svæðinu kringum Modena borg.

Híð nýja safn, sem kostaði um 18 milljónir evra að reisa, tengir saman nútíð og fortíð. Annar hluti safnsins stendur á rústum hússins sem Enzo Ferrari fæddist í árið 1898. Hús hans og verkstæði hafa verið endurbyggð í upprunalegri mynd en við hlið þess stendur hinn hluti safnsins, stórglæsileg nútímaleg bygging úr gulu áli sem er einkennislitir Modena borgar og bakgrunnur í merki Ferrari.

Hinn nýi sýningarsalur var hannaður af breskum arkitektum frá Future Systems. Í honum er að finna allt það markverðasta úr

lífi Enzo Ferrari auk þess sem farið er yfir sögu fyrirtækisins. Gamli Ferraribílar spila stóran þátt í sýningunni og eru á við góð listaverk.

Þó Enzo Ferrari sé í forgrunni er einnig fjallað um hvernig Modena borg varð miðstöð fyrir önnur ofurbílamerki á borð við Maserati, Pagani og De Tomaso. Meðal bíla á sýningunni má nefnda Alfa Romeo 40-60 frá 1914, Alfa Romeo RL Super Sport Mille Miglia frá 1927 og Alfa Romeo Bimotore af árgerð 1935.

Heimasíða safnsins er www.museocasa-enzoferrari.it.



STÓRI BRÓÐIR FYLGIST MEÐ

Hjá Ford í Evrópu er verið að þróa rafeindakerfi sem gerir fólki kleift að læsa mörgum eiginleikum bílsins og takmarka með því hvers konar notkun og misnotkun hans. Er þetta hugsað sérstaklega fyrir foreldra ungmenna sem eru að aka sína fyrstu metra á götunum og hafa oft afar háleitar skoðanir á eigið ágæti sem ökumenn. Með búnaðinum og sérstakri fjarstýringu sem honum fylgir geta foreldrar til dæmis takmarkað hámarkshraða bílsins og hljóðstyrk frá hljómtækjum. Ford B-Max bílar sem koma munu á markað frá og með haustinu verða með þessum búnaði sem nefnist „MyKey-System“ en einnig verður möguleiki á að setja búnaðinn í aðra bíla. Frá þessu er greint á vef Félags Íslenskra bifreiðaeigenda www.fib.is.

Ford B-Max kemur á markað í haust og verður útbúinn MyKey-System.



HAGTÖLUR BÍLGREINA

Bílgreinasambandið tekur í hverjum mánuði saman hagtolur bílgreina. Þannig var í febrúar síðastliðnum verð á bílavarahlutum 7,3% hærra en í sama mánuði í fyrra og viðgerðarkostnaður hafði hækkað um 11,7%. Rekstrarkostnaður ökutækja hafði hækkað um 6,3% á einu ári og kaupverð ökutækja um 6,4%. Á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 6,6%. Á vefnum www.bgs.is er að finna ýmsan fróðleik, fréttir og tengla á áhugaverðar vefsíður.



Á vef Bílgreinasambandsins er að finna ýmsar áhugaverðar upplýsingar.

Hvar: Batman þættirnir
Hvenær: 1965-1968
Hönnuður: George Barris
Byggður á: 1955 Lincoln Futura

Sumir telja leðurblökubíllinn úr sjónvarpsþáttunum um Leðurblökumanninn frá 7. áratugnum slái eftirbátum sínum að öllu leyti við. Bíllinn var að stærstum hluta byggður á hvítum, sportlegum hugmyndabíl frá Ford, Lincoln Futura Show Car, sem var frum-

sýndur á bílasýningunni í Chicago árið 1955. George nokkur Barris hafði yfirumsjón með breytingum bílsins fyrir þættina sem varð straumlínulagaðri og skrautlegri eftir að skipt var um húdd, púströum bætt við og hann lakkaður svartur og rauður og merki Leðurblökumannsins var límt á sitthvora hliðina. Þótt ótrúlegt kunni að virðast fékk Barris aðeins þrjár vikur til að breyta bílnum þar sem Fox flýtti framleiðslu þáttanna talsvert. Hann birtist bandarískum sjónvarpsáhorfendum árið 1966 og sló samstundis í gegn.

Helsti aukabúnaður: Bíllinn er meðal annars búinn fjaðurbúnaði undir sætum sem skýtur farþegum upp í loftið þegar hætta steðjar að, reykvéll, ratskjá og innbyggðum múrbrjót til að brjóta niður hurðir eða veggi.



Hvar: Batman og Batman Returns
Hvenær: 1989 og 1992
Hönnuður: Anton Furst
Byggður á: Chevrolet Impala

Leðurblökubíllinn fékk heldur betur andlitslyftingu í kvikmyndum leikstjórans Tims Burton, Batman og Batman Returns, í lok níunda

áratugarins og byrjun þess tíunda. Anton Furst hafði umsjón með hönnun á sviðsmynd fyrri myndarinnar og bílsins og sótti innblástur í Art Deco stíl. Að þessu sinni var bíllinn byggður á tveimur gerðum Chevrolet Impala sem General Motors framleiddi á sjötta og sjöunda áratugnum, með vél úr nýrri gerð af Chevrolet og að viðbætti sérsmiðaðri ávalri yfirbyggingu sem gaf bifreiðinni tignarlegt yfirbragð.



Helsti aukabúnaður: Byssur að framan, eldvarpa að aftan, sprengjuvörpur, ratsjá, hlífðarskildir og flóttahylki.

Fararskjóti Leðurblökumannsins

Nú styttist óðum í frumsýningu Dark Knight Rises, þriðju og síðustu kvikmyndar Christophers Nolan um ævintýri Leðurblökumannsins. Alls kyns tryllitækjum bregður fyrir eins og vænta má og þar á meðal endurbætt bifreið svarta riddarans sem hefur tekið miklum breytingum í áranna rás.

Hvar: Batman Forever og Batman and Robin
Hvenær: 1995 og 1997
Hönnuður: Barbara Ling
Byggður á: Chevrolet Impala og svo Delahaye 165 og Jagúar D

Schumacher fékk það hlutverk að nálgast viðfangsefnið á léttari og „áhorfendavænni“ hátt. Breytingarnar náðu meðal annars yfir leðurblökubíllinn sem Barbara Ling stýrði. Útkoman varð bíll búinn skrautlegum ljósabúnaði sem undirstrikaði ávalari línur og meira skraut og vindskeið sem átti að vísa í útlit leðurblaka (vængi og fleira) þótt sumum myndist bíllinn minna frekar á reður á fjórum hjólum. Ling gerði breytingar á bílnum fyrir seinni mynd Schumachers (sem fólu meðal annars í sér lengri bíl) og byggði á Delahaye 165 sem Fioni et Falaschi framleiddi 1938 og Jagúar D kappakstursbíl frá miðjum sjötta áratugnum.

Warner Bros. réði fyrrum gluggaskreytingamanninn Joel Schumacher til að leikstýra þriðju kvikmyndinni um Leðurblökumanninn árið 1995, Batman Forever. Ástæðan var mikil gagnrýni á þá dökku mynd sem Tim Burton dró upp af heimi ofurhetjunnar og var talin eiga þátt í dræmri miðasölu Batman Returns.

Hvar: Batman Begins, Dark Knight og Dark Knight Rises
Ár: 2005, 2008 og 2012
Hönnuðir: Christopher Nolan og Nathan Crowley
Byggður á: Skriðdreka, Hummer og Lamborghini Murciélagó

Christopher Nolan settist í leikstjórstól fimmtu myndarinnar um Leðurblökumanninn eftir að Schumacher gerði næstum út af við seríuna með innihaldslausu skrautsýningunni Batman and Robin. Nolan sá sér ekki annað fært en að byrja á byrjuninni með því að kanna fortíð Leðurblökumannsins í myndinni Batman Begins og nálgast viðfangsefnið á

„raunsæri“ hátt en áður. Í takt við þá hugmynd hannaði Nolan nýjan og svartan kraftmikinn bíl alsettan hlífðarskjöldum í samvinnu við Nathan Crowley þar sem skriðdrekar voru hafðir að fyrirmynd. Sjálfur hefur Crowley sagt Lamborghini Murciélagó vera annan áhrifavald, að minnsta kosti á yfirbygginguna, en Bruce Wayne, maðurinn á bakvið Leðurblökumanninn, sést einmitt aka á einum slíkum í myndinni. Bíllinn er svipaður að stærð og Hummer og búinn 350 kúbiktommu Chevrolet-vél sem skilar 500 hestöflum. „Skriðdrekin“ birtist í framhaldinu Dark Knight og ljósmyndir úr þeirri þriðju, Dark Knight Rises, gefa til kynna að illmennið Bane og skósvainar hans muni líka aka á slíkum bílum.

Helsti aukabúnaður: Ratskjár, byssur, sprengjuvörpur og dráttarkrókur sem skýst úr framanverðri bifreiðinni og gerir henni kleift að keyra lóðrétt upp byggingar.



Batman and Robin.

Batman Forever.



Helsti aukabúnaður: Bíllinn er búinn byssum, hlífðarskjöldum, ratskjá og þöuhreyfli sem nota má til að láta hann stökkva 2,70 metra lóðrétt upp í loftið og/eða 120 metra lárétt.

ÞINN HAGUR Í BÍLAVARAHLOTUM



AB REYKJAVÍK
ER FLÚTT Í
FUNAHÖFÐA 9.
STÆRRI GLÆSILEGRI
VERSLUN!

AB VARAHLUTIR SÍMI: 567 6020 - WWW.AB.IS

NÚ Á ÞREMUR STÖÐUM REYKJAVÍK REYKJANESBÆR AKUREYRI



- ALLTAF BETRI

KAFFIKORGINN Í HANDSÁPUNA

Oliu og smurningu getur verið erfitt að ná af höndum eftir langan dag á verkstæðinu. Mikil notkun á kemískum kornasápum þurrkar húðina. Hún getur sprungið svo sýking á greiðari leið inn í líkamann. Í staðinn mætti búa til náttúrulega kornasápu úr því sem til fellur á kaffistofunni, sem fer bæði betur með hendurnar og umhverfið.



1 msk malað kaffi, eða kaffikorgur úr uppáhellingnum frá í gær.

3 msk sykurlausur en hann er iðulega innan seilingar á kaffistofunni.

2 msk ólífuolía eða 1 msk. lint smjör ef engin ólífuolía finnst.

Blandið sykri og kaffikorg saman í skál og síðan olíunni eða smjörunni. Nuddið á blautar hendurnar þar til óhreinindin hafa leyst upp og skolið svo með volgu vatni.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512-5000

Umsjónarmaður auglýsinga: Benedikt Freyr Jónsson, benediktf@365.is, s. 512-5411
 Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

Verndaðu umhverfið og veskið

Grænu lánin frá Ergo hafa hitt í mark en Ergo hefur frá stofnun boðið sérkjör á bílalanum til kaupa á sparneytnum bílum.

Fólk er í auknum mæli farið að horfa á rekstrarkostnað bílsins ekki síður en kaupverðið þegar hugað er að bílakaupum,“ segir Jón Hannes Karlsson, framkvæmdastjóri Ergo, fjármögnunarþjónustu Íslandsbanka. Á síðustu árum hefur eldsneytiskostnaður hækkað verulega og því vegur sá kostnaður þyngra í heimilisbókhaldinu en áður. Bílaframleiðendur hafa brugðist við þessu með því að framleiða sparneytnari og umhverfishæfari bíla og er því gott úrval af slíkum bílum á markaðnum í dag. Stjórnhöndur hafa einnig gert miklar breytingar á gildandi lögum um vörugjöld. Í stað þess að miða við rúmtak véla var í árslok 2010 byrjað að miða við mengun í útblæstri. Einnig er heimild í þessum lögum til lækkunar á vörugjöldum á bifreiðum sem knúnar eru af metani. Þessar breytingar hafa haft áhrif á það hvaða nýja bíla einstaklingar og fyrirtæki eru að kaupa.

Grænir bílar – græn lán

Ergo hefur frá stofnun boðið sérkjör á bílalanum til kaupa á sparneytnum bílum með því að fella niður lántökukostnað á öllum bílum, nýjum sem gömlum, sem losa 0 til 120 g af Co2 á hvern ekinn kílómetra. Markmið Ergo er að hjálpa viðskiptavinum að taka upplýsta ákvörðun við kaup á bílum og atvinnutækjum og um

leið að styðja fjölgun umhverfishæfari bíla á Íslandi. „Grænu lánin hafa fengið frábærar viðtökur en stór hluti allra nýrra bílálana hjá Ergo eru græn lán,“ segir Jón Hannes. Í ljósi þess hve frábærar viðtökur grænu bílalanum hafa fengið hefur verið ákveðið að framleggja tilboð um græn bílalan án lántökugjalda út júní mánuð 2012.

Reiknaðu þig græna/n

Á vefsíðu Ergo eru reiknivélar frá Orkusetri sem sýna svart á hvítu hvernig val á sparneytnum bíl getur sparað háar fjárhæðir. Þar er meðal annars hægt að sjá hversu miklu bíllinn eyðir í bensín og hversu mikið hann mengar. Einnig er hægt að sjá samanburð á eyðslu, útblæstri og bifreiðagjöldum bíltegunda auk þess sem bíllinn getur fengið eyðslueinkunn eftir því hvað hann eyðir miklu eldsneyti. „Ég ráðlegg öllum að skoða þessar reiknivélar áður en tekin er ákvörðun um hvaða bíl skal kaupa. Þarna er hægt að skoða hvernig rekstrarkostnaðurinn breytist eftir því hvaða bíltegund þú velur,“ segir Jón Hannes.

Bílar með reynslu

Innflutningur á bílum dróst verulega saman á árinu 2008 og hefur því aldur bílaflorens hækkað þrátt fyrir aukningu í innflutningi á þessu ári. Um 30% bílaflorens er 6 til 10 ára gamall. Lánamögu-



Jón Hannes segir fólk í auknum mæli farið að horfa á rekstrarkostnað ekki síður en bílverð við kaup á bílum.

leikar á eldri bílum hafa verið takmarkaðir og því oft erfitt fyrir viðskiptavinum að festa kaup á eldri bíl. „Árgerðarbilið sem varð á árunum 2008 til 2011 hefur ýtt fólk út í kaup á eldri bílum. Til að koma til móts við viðskiptavinum okkar ákváðum við að bjóða upp á fjármögnun á eldri bílum,“ segir Jón

Hannes. Ergo býður upp á allt að 60% fjármögnun á allt að 10 ára gömlum bílum. Hámarksfjármögnun er 2,5 milljónir króna og lágmarksverðmæti bifreiðar er 800 þúsund krónur.

„Við sjáum ákveðinn viðsnúning í bílaviðskiptum. Það var lítið um að vera á markaðnum í nokkurn

tíma og fólk hélt að sér höndum. Nú er aftur á móti að færast líf í viðskiptin að nýju en það sjáum við best á því að útlán hafa tvöfaldast milli ára,“ segir Jón Hannes. Hann hvetur þá sem eru í þeim hugleiðingum að kaupa bíl að hafa samband við Ergo þar sem ráðgjafar geta farið yfir málin með þeim.



Hagsýnir heimilisbílar

	Árgerð 2005 ² sjálfskiptur · bensín	Árgerð 2012 ² beinskiptur · dísil	Sparnaður á ári
Eyðsla¹	<div style="display: flex; align-items: center; justify-content: center;"> <div style="margin-right: 5px;">9,4l</div> <div style="font-size: 2em;">-</div> <div style="margin-left: 5px;">4,5l</div> </div> <div style="display: flex; align-items: center; justify-content: center; margin-top: 5px;"> <div style="margin-right: 5px;">456.840 kr.</div> <div style="font-size: 2em;">-</div> <div style="margin-left: 5px;">228.600 kr.</div> <div style="margin-left: 10px;">=</div> <div style="background-color: #f4a460; color: white; padding: 2px 5px; border-radius: 3px;">228.240 kr.</div> </div>		
Bifreiðagjöld	<div style="display: flex; align-items: center; justify-content: center;"> <div style="margin-right: 5px;">34.240 kr.</div> <div style="font-size: 2em;">-</div> <div style="margin-left: 5px;">9.460 kr.</div> </div> <div style="display: flex; align-items: center; justify-content: center; margin-top: 5px;"> <div style="margin-right: 5px;">34.240 kr.</div> <div style="font-size: 2em;">-</div> <div style="margin-left: 5px;">9.460 kr.</div> <div style="margin-left: 10px;">=</div> <div style="background-color: #f4a460; color: white; padding: 2px 5px; border-radius: 3px;">24.780 kr.</div> </div>		
CO₂ útblástur	<div style="display: flex; align-items: center; justify-content: center;"> <div style="margin-right: 5px;">224 g/km</div> <div style="font-size: 2em;">-</div> <div style="margin-left: 5px;">119 g/km</div> </div> <div style="display: flex; align-items: center; justify-content: center; margin-top: 5px;"> <div style="margin-right: 5px;">4.480 kg</div> <div style="font-size: 2em;">-</div> <div style="margin-left: 5px;">2.380 kg</div> <div style="margin-left: 10px;">=</div> <div style="background-color: #f4a460; color: white; padding: 2px 5px; border-radius: 3px;">2.100 kg</div> </div>		

Að endurnýja bílinn í dag getur borgað sig.
Kannaðu kosti grænna bílálana og reiknaðu dæmið til enda á ergo.is

¹Blönduð eyðsla á hverja 100 km
²Rekstur í eitt ár á meðalstórum fólksbíl m.v. að bensínverð sé 243 kr., dísilverð 254 kr. og akstur á ári 20.000 km.

Suðurlandsbraut 14 > sími 440 4400 > www.ergo.is > ergo@ergo.is





DRAUMABÍLL HERU

Hera Björk Þórhallsdóttir söngkona var ekki í nokkrum vafa þegar hún var spurð um draumabílinn.

„Mig langar í nýja Skoda-jeppann sem nefnist Yeti og helst svartan. Ég er mikið búin að horfa á þennan bíl. Ég er líka hrifin af litlum, sparneytnum bílum eins og Fiat. Draumabíllinn væri samt kannski nýr Austin mini en ég ók slíkum bíl í Þýskalandi 2010 þegar ég var þar á ferð og líkaði mjög vel. Annað hvort kemur maður fullt af skemmtilegu fólki í aftursætið eða bara farangrinum. Það var mikill kraftur í þessum litla bíl.“

Hver er besti bíll sem þú hefur átt? „Það var Hyundai Trajet sem er sjö manna bíll. Ég átti þann bíl áður en við fluttum til Danmerkur frá 2003 til 2007. Hann var rúmgóður og þægilegur.“

Hvernig bíl átt þú núna?

„Núna ek ég Opel Zafira árgerð 2000. Hann er orðinn gamall en hefur nýst okkur vel. Ég keypti hann á góðu verði en allt í einu varð hann rosalega dýr þegar lánið stökkbreyttust. Þessi bíll var valinn besti fjölskyldubíll í Danmörku á sínum tíma.“



HVAÐ KOSTAR FERÐIN?

Á vef orkuseturs er að finna reiknivél þar sem hægt er að reikna út eldsneytis- og umhverfiskosnað við innan- og utanbæjarakstur. Það er ágæt regla að nýta sér hana áður en lagt er í langferð til að vita um það bil hversu margar krónur þarf að hafa meðferðis.

Þegar um innanbæjarakstur er að ræða er fjöldi kílómetra valinn en þegar kanna á kostnað við utanbæjarakstur er brottfarar- og áfangastaður valinn af lista.

Sé bíllinn bensínknúinn er bensínverð slegið inn og í framhaldi bílaframleiðandi, bíltegund og undirtegund. Þá er vegalengdin valin og þannig er hægt að áætla hvað kostar að aka á leiðarenda. Sé til að mynda ekið á Toyota Auris 388 kílómetra vegalengd frá Reykjavík til Akureyrar kostar ferðin 5.997 krónur miðað við að bensínlítrinn kosti 262 krónur.

BÍLAR FRANSKRA FORSETA

Bílaframleiðandinn Citroën sýndi á dögnum nokkra bíla sem þjónað hafa forsetum Frakklands í gegnum tíðina, mönnum á borð við Valéry Giscard d'Estaing, François Mitterrand og Jacques Chirac. Glæsibifreiðar frá Citroën hafa verið áberandi í opinberu hlutverki fyrir forsetaembættið í gegnum tíðina en þó hefur persónulegur smekkur ráðið nokkru um hvaða bílar verða fyrir valinu. Þannig kys Nicolas Sarkozy helst Renault meðan Jacques Chirac var aðdáandi Citroën.

Við vígsluathöfn sína árið 2007 notaði Sarkozy einstakan Peugeot 607 Paladine bíl, limósínu sem upphaflega var smíðuð sem hugmyndabíll árið 2000. Bílurinn var breytt og hann nútímavæddur en síðan skilað til Peugeot. Hann er því ekki hluti af flota franska forsetaembættisins.

Citroën SM bifreið sem notuð var af Valéry Giscard d'Estaing, François Mitterrand og Jacques Chirac sést hér neðar á myndinni en fyrir ofan er Citroën Traction limósína sem notuð var af René Coty.



Landsbankinn kynnir góð kjör í bílafjármögnun

Landsbankinn býður óverðtryggða bílasamninga með föstum vöxtum og verðtryggða eða óverðtryggða bílasamninga með breytilegum vöxtum. Græn fjármögnun er einnig í boði á hagstæðari kjörum.

- » **Fastir 8,95% óverðtryggðir vextir** fyrstu 36 mánuðina
- » **Hámarkslánstími er 7 ár** að frádregnum aldri bíls
- » **Lánshlutfall allt að 70%**
- » **Engin stimpil- eða þinglýsingargjöld**

8,95%

Vextir skv. vaxtatöflu Landsbankans 11. mars 2012.

Skilmála og nánari upplýsingar má finna á landsbankinn.is eða hjá Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans í Sigtúni 42.



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000





Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Rúnar Jóhannes
Guðmundsson**

Ársölum 1, Kópavogi,

Lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 12. mars sl. Jarðarförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þeim sem vilja minnst hans er bent á styrktarreiðing 0537-14-121071 kt. 130446-2999.

Hjördís Davíðsdóttir
Geirlaug Rúnarsdóttir
Valgerður Hjördís Rúnarsdóttir
Sigrúborg Rúnarsdóttir Hermundur Svansson
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Jóhanna Sigurðardóttir
frá Ísafirði,

Lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ laugardaginn 3. mars.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju 16. mars kl. 13.00.

Bjarni Garðarsson Ásdís Simonardóttir
Einar Oddur Garðarsson Guðbjörg Helgadóttir
Hjördís Garðarsdóttir Héðinn Stefánsson
Hrefna Garðarsdóttir Þórður Pálmi Þórðarson
ömmubörn og langömmubörn.



Okkar ástkæri faðir,

Matthías Ólafsson

frá Breiðabólstað á Síðu,

andaðist að morgni 8. mars á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Kirkjubæjarklaustri. Útförin fer fram frá Prestsbakkakirkju á Síðu laugardaginn 17. mars kl. 14.00. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Velunnarasjóð Klausturhóla 0317-13-771176, 700399-2739.

Erna P. Matthíasdóttir
Sigríður Ó. Matthíasdóttir
Bjarni Jón Matthíasson
Sigurjóna Matthíasdóttir
Ragna Matthíasdóttir
og fjölskyldur.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir
okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Óskarsson

húsgagnasmíðameistari og kennari,
Hvannalundi 13, Garðabæ,

andaðist á heimili sínu mánudaginn 5. mars. Útför hans fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ föstudaginn 16. mars kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Karítas hjúkrunarþjónustu.


Vilhjálmína Þórarinsdóttir
Laufey Sigurðardóttir Birgir Sigurjónsson
Hanna Sigurðardóttir Guðlaugur Kristjánsson
Óskar Sigurðsson Elsa Björnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

tímamót

timamot@frettabladid.is



64 BILLY CRYSTAL, bandaríski leikarinn og grínistinn, er 64 ára í dag.
„Konur þurfa ástæðu til þess að hafa kynmök. Menn þurfa bara stað til þess.“



FOODEXPO Ólafur Ágústsson stefnir á sigur í keppninni um Matreiðslumann Norðurlanda sem fer fram í Danmörku eftir viku.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÓLAFUR ÁGÚSTSSON: KEPPIR UM TITILINN MATREIÐSLUMAÐUR NORÐURLANDA

Undirbúningurinn er snúinn

„Ég vona bara það besta og er jákvæður,“ segir Ólafur Ágústsson, landsliðsmaður í knattspyrnu, sem keppir fyrir Íslands hönd í Norðurlandakeppni í matreiðslu á sýningunni FoodExpo þann 20. mars næstkomandi. Sýningin fer fram í bænum Herning á Mið-Jótlandi í Danmörku, en árlega keppa fimm af sterkustu matreiðslumönnum Norðurlandanna um titilinn Matreiðslumaður Norðurlanda.

Ólafur, sem vinnur nú hörðum höndum að undirbúningi fyrir opnun Hótel Marina við Reykjavíkurbær í apríl, segist ganga að því vísu að keppnin verði afar hörð. Hann hefur áður keppt fyrir Íslands hönd á heimsmeist-

aramótum, Ólympíuleikum og fleiri mótum með kokkalandslíðinu og gengið vel, en segir undirbúninginn fyrir keppnina í Danmörku nokkuð snúinn.

„Þetta eru sterkir keppendur. Ég þekki til dæmis til Mette Gassner, stelpunnar sem keppir fyrir Danmörku, og hún er mjög sterk, en ég stefni að sjálfsögðu á sigur. Undirbúningurinn er skrýttinn að því leyti að keppnin fer fram með „Mystery basket“-fyrirkomulagi, eða Leyndarkörfu, sem þýðir að ég veit ekki hvaða hráefni ég á að vinna með fyrr en kvöldið fyrir sjálfa keppnina. Í rauninni get ég bara undirbúið mig út í bláinn og vonað það besta. Þetta er verugt verk-

efni,“ segir Ólafur. Spurður hvaða hráefni hann myndi kjósa ef hann fengi að velja fyrir fram segist hann helst vilja vinna með skelfisk í forrétt, lambkjöt eða kjúkling í aðalrétt og súkkulaði í eftirrétt.

Auk þeirra fimm sem keppa um titilinn Matreiðslumaður Norðurlanda 2012 sendir hvert land svokallaðan „Wildcard“-keppanda til leiks, nema eða svein undir 23 ára aldri, og er það ungkokkurinn Gísli Matthías Auðunsson sem fer fyrir Íslands hönd. Þá eigum við Íslendingar einnig dómara í keppninni, Bjarna Gunnar Kristinsson, sem er yfirmatreiðslumaður veiting sviðs Hörpu. kjartan@frettabladid.is



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Emil S. Guðmundsson

skipasmiður, frá Barðnesgerði í
Norðfjarðarhreppi,
Digranesvegi 34, Kópavogi,

lést fimmtudaginn 8. mars á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin fer fram frá Hjallakirkju í Kópavogi föstudaginn 16. mars kl. 15.00.

Kristín Sveinsdóttir
Guðbjörg Emilsdóttir Pétur Karl Sigurbjörnsson
Ástríður H. Emilsdóttir Pär Áhman
Guðrún Emilsdóttir
Emil, Kristín, María, Jónas, Dís, Friða, Anna Linnea,
Emil Viktor
og barnabarnabörn.



Móðir okkar, tengdamóðir, amma
og langamma,

Guðrún Ólafsdóttir

frá Efra-Lóni,
Skálagerði 7, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum 2. mars. sl., verður jarðsöngin frá Langholtakirkju fimmtudaginn 15. mars kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu minnst hennar er bent á Minningarsjóð Landspítalans (sími 1446).

Sigríður Sigurðardóttir
Þóra G. Sigurðardóttir Gunnar H. Jóhannesson
Jónína Stefanía Sigurðardóttir Rúnar F. Sigurðsson
Ólöf Unnur Sigurðardóttir Bernhard Svavarsson
Anna Björk Sigurðardóttir Erlingur Sigtryggsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Guðlaug Kristbjörg
Stefánsdóttir**

andaðist á Landakotssjúkrahúsi þriðjudaginn 6. mars. Guðlaug verður jarðsöngin frá Eskifjarðarkirkju laugardaginn 17. mars klukkan 14.00. Við færum sérstakar þakkir til starfsfólks Landakots fyrir einstaka umönnun og hlýju.

Björk Aðalsteinsdóttir Þorsteinn Kristjánsson
Kristinn Aðalsteinsson Hrafnhildur Hrafnkelsdóttir
Elfar Aðalsteins Anna María Pitt
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, yndisleg móðir
okkar, tengdamóðir, systir, amma
og langamma,

Erla Guðmundsdóttir

Smáraflöt 15, Akranesi,

andaðist í faðmi fjölskyldu sinnar sunnudaginn 4. mars á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða, Akranesi. Útförin fer fram frá Akranesirkirkju föstudaginn 16. mars kl. 14.00.

Gísli S. Sigurðsson
Práinn Elías Gíslason María S. Sigurðardóttir
Gunnar Valur Gíslason Hervör Poulsen
Jón Bjarni Gíslason María Kristinsdóttir
Sigurlaug Gísladóttir Guðmundur Gíslason
Guðrún Sigríður Gísladóttir Guðmundur S. Jónsson
Fridgerður E. Bjarnadóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



Vaktími:
581 3300 & 896 8242
www.utfarin.is



Allan sólarhringinn Sverrir Einarsson Kristín Ingólfssdóttir Hermann Jónasson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

EVVRÓPA

SPORT
besta sætið

Eftirsóttustu bikarar knattspyrnunnar • sérútgáfa • mars 2012

**Í KVÖLD KL. 19:30
CHELSEA - NAPOLI**

Lundúnaliðið og nýi þjálfarinn þurfa að vinna upp tveggja marka mun!

**Í KVÖLD KL. 19:30
REAL MADRID - CSKA MOSKVA**

Fyrri leiknum lauk með jafntefli. Tekst Rússunum hið ómögulega á Bernabeau?

**ÞORSTEINN J.
OG GESTIR**


Sérfræðingarnir spá í spilin og gera upp alla leikina í Meistaradeildinni

**STÓRLEIKUR Á MORGUN KL. 17:50
ATHLETIC BILBAO - MAN. UTD.**

GEFUMST ALDREI UPP!


Ryan Giggs og félagar þurfa að kreista fram enn eitt kraftaverkið á útivelli gegn ógnarsterkum Böskum.

Stöð 2 Sport og fylgistöðvar
216 KR.
Á DAG
KAUPTU ÁSKRIFT Á STOD2.IS



Drogba ætlar alla leið!

krossgáta



LÁRÉTT

2. pest, 6. í röð, 8. sauðagarnir, 9. slöngu, 11. eyðileggja, 12. kvenvargur, 14. gleikka, 16. ætíð, 17. kopar, 18. kæla, 20. bókstafur, 21. bor.

LÓÐRÉTT

1. land í Asíu, 3. tveir eins, 4. gufuskip, 5. hamfletta, 7. hluti ár, 10. mánuður, 13. gerast, 15. einsöngur, 16. sigti, 19. tvíhljóði.

LAUSN

1. maí, 2. skáss, 14. vikka, 16. sí, 17. LÁRÉTT, 2. kvef, 6. að, 8. vil, 9. ormm, 11. maí, 12. skáss, 14. vikka, 16. sí, 17. LÓÐRÉTT, 1. laos, 3. vv, 4. eimskip, 5. flá, 7. árkvísl, 10. maí, 13. ske, 15. er, 18. ísa, 20. pl, 21. alur.

VERÐI LJÓS

MÚR
BÚÐAR
VERÐ

SHA-2625
Vinnuljósastari Rone
28W m. innst. blár

5.995



Rakapolið Veggljós,
svart ál 26W

3.990



Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ
Akureyri
Húsavík
Vestmannaeyjum

SHA-3901
T8 Loftljós flúor rakap.
1x18w 67,5x11,2cm

2.865




SHA-3902A
T8 Loftljós flúor rakap.
2x36w 128x16,6cm

5.595



SHA-3901A
T8 Loftljós flúor rakap.
2x18w 67,5x16,6cm

3.595



SHA-V5228 IP65
T5 Flúor lampi
2x28w 120cm

5.390



MÚRBÚÐIN

- Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Samhengi hlutanna

BAKÞANKAR
Ragnheiðar
Tryggva-
dóttur

Ef ég ætti fyrirtæki mundi ég aldrei Eráða konu í vinnu," sagði sextán ára bekkjarfélagi minn í félagsfræði 101 án þess að blikna. Verið var að ræða stöðu kynjanna í kennslustund og spruttu af þessu hressilegar umræður. Drengurinn lét þó ekki haggast enda fannst honum einfaldlega liggja í augum uppi að konur væru verri starfskraftur en karlar. Það fylgdi þeim vesen og þá aðallega „vesen í kringum börn“ með tilheyrandi fjarveru frá vinnu. Hann lét það ekki slá sig út af laginu að kennarinn var úti-vinnandi kona og móðir, né að sjálfur var hann barn konu.

ÉG veit ekkert um það hvort drengur þessi hafi alist upp við heimavinnandi móður en það þarf þó ekkert að vera. Mér hefur nefnilega orðið smám saman ljóst að meirihluti fólks setur stöðu kvenna í heiminum sjaldnast í samhengi við sjálf sig, mæður sínar, dætur eða systur.

„ÞETTA snýst bara um frumeðli mannsins, því verður ekki breytt. Svo lengi sem þetta virkar þá

verður þetta svona," sagði faðir á fertugsaldri og yppti öxlum þegar til umræðu voru fáklæddar konur í hjólbarðaauglýsingum. Aðspurður hvort hann yrði sáttur við að dóttir hans beraði sig fyrir bílasölu sagðist hann reyndar vona að hann þyrfti ekki að standa frammi fyrir því. Hann setti það hins vegar ekki í samhengi að meðan hann yppti öxlum yfir fáklæddum konum í auglýsingum fyrir framan dóttur sína sendi hann henni þau skilaboð að „svona væri þetta bara“ og tja, af hverju ekki hún eins og hver önnur?

„ÞÚ ert nú meiri stelpustrákurinn," sagði móðir við lítinn son sinn þegar hann þorði ekki niður brattan stiga í búð, án þess að hún leiddi hann. Hún setti það ekki í samhengi að með þessu fullyrkti hún að stelpur væru aumingjar. Hún sá sjálfsgott ekki heldur hvernig hún gerði þar með lítið úr sjálfri sér í augum sonar síns. Og úr systur hans, ef hann átti einhverja.

UMRÆÐAN um viðhorf til kynjanna, og jafnrétti er á fljúgandi ferð þessa dagana. Jafnvel svo sumum finnst nóg um enda margt ljótt sem kemur fram. Það sýnir hins vegar hversu þörf hún er og að með því að setja stöðu kvenna ekki í samhengi við okkur sjálf verðum við aldrei jöfn. Við erum alltaf að tala um mömmur okkar, dætur og systur.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



STÆRSTI
HÚSNÆÐISVEFUR
LANDSINS

vísir

FÉLAG FASTEIGNASALA

Ótrúlegt
úrval íbúða til sölu
eða leigu!

vísir FASTEIGNIR.IS
Sími 412 2500

BYLGJAN 25
ÁRA
989

Heimir & Kolla vakna með þér í bítið
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

OFURDAGUR Á STÖÐINNI

Ofurdagur í dag 14. mars.
Allt að 50% afsláttur.



349 kr.

Kjúklingasalat
fullt verð 649 kr.



349 kr.

Stöðvarborgari
fullt verð 699 kr.



99 kr.

Litill skammtur af
frönskum kartöflum 99 kr.
fullt verð 299 kr.



349 kr.

Allar tegundir af Panini
fullt verð 499-699 kr.

	Sími	Opð 24 tíma	Grik	Kaffi	Panini	Pýsa	Ís í vél	Bílaluga
🍳 Birkimelur	551 4474			☕	🍔	🥟		
🍳 Bústaðavegur	552 7616	🕒		☕	🍔	🥟		
🍳 Garðabær	565 8743			☕	🍔	🥟		
🍳 Hagasmári	554 2280	🕒	🍔	☕	🍔	🥟	🍦	🚗
🍳 Kleppsvegur	568 6580			☕	🍔	🥟		
🍳 Laugavegur	561 9926			☕	🍔	🥟		🚗
🍳 Suðurfell	557 4060	🕒	🍔	☕	🍔	🥟	🍦	🚗
🍳 Vesturlandsvegur	665 1471		🍔		🍔	🥟	🍦	🚗
🍳 Vesturlandsvegur Shell Verslun	587 9730	🕒		☕	🍔	🥟		
🍷 Hraunbær	567 1050			☕	🍔	🥟		
🍷 Miklabraut norður	571 4404		🍔	☕	🍔	🥟		🚗
🍷 Skagabraut Akranesi	431 2592		🍔	☕	🍔	🥟	🍦	🚗
🍷 Reykjavíkurvegur	555 1720	🕒		☕	🍔	🥟		🚗

Þetta er svo lágt verð að Orkulykillinn þinn getur ekki einu sinni lækkað það.





RAFÞÓKARÚTGÁFAN af glæpasögunni Flateyjargáta, eftir Viktor Arnar Ingólfsson, skaust í 6. sæti á met-söluhlusta bandarísku Amazon-vefverslunarinnar á mánudaginn og sat þar enn í gær. Flateyjargáta er ein af tíu íslenskum skáldsögum sem AmazonCrossing-útgáfan gefur út á þessu ári. Ensukur titill bókarinnar er The Flatey Enigma.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Miðvikudagur 14. mars 2012

→ Tónleikar

20.00 Lögreglukór Reykjavíkur, ásamt Eyþóri Inga Gunnlaugssyni, heldur tónleika í Hljómahöllinni í Reykjanesbæ

21.00 Hljómsveitin Tusk kemur fram á tónleikaröð Jazzklúbbs Múlans í Norræna Húsinu. Aðgangseyrir er kr. 1.500, eða kr. 1.000 fyrir nemendur.

21.00 Björgvin Gíslason og félagar halda tónleika á Café Rosenberg.

→ Uppákomur

14.00 Söngvaka verður haldin hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík að Stangarhyl 4. Aðgangseyrir er kr. 600.

15.00 Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur mun lesa úr verki Stefans Zweig, Veröld sem var, og fjalla um það í félagsmiðstöðinni að Aflagranda 40.

19.00 Bingó fyrir Þróttara og aðra velunnara verður haldið í sal Þróttar við Engjateig 7. Veitingar fást á vægu verði.

17.00 Kvenfélagasamband Íslands heldur opið hús í Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum, Túngötu 14. Hallfríður Bjarnadóttir miðlar fróðleik um hefðir á bolludag, sprengidag og öskudag.

20.00 Einar Falur Ingólfsson ljósmyndari stjórnar stefnumótakaffi í Menn-ingarmiðstöðinni Gerðubergi. Aðgangur er ókeypis.

20.30 Gömlu dansarnir verða dansaðir hjá Þjóðdansafélagi Reykjavíkur, Álfa-bakka 14a. Aðgangseyrir kr. 800.

→ Listamannspjall

20.00 Spjall við Hildi Bjarnadóttur, Ívar Valgarðsson, Rögnu Róbertsdóttur og Þór Vigfússon verður í Artíma galleríi í tengslum við sýningu þeirra þar.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

Gjörningar sem ganga undrum næst

Myndlist ★★★★★

RÚRÍ yfirlitssýning

Rúrí

Listasafn Íslands. Stundur til 6. maí 2012.

Við höfum ýmislegt til að vera þakklát fyrir þrátt fyrir að vera stódd í miðju hrúni sem ekki sér fyrir endann á. Það er til dæmis góðs viti að hér þrífist menning. Það er ekki sjálfgefið að smáþjóð eigi sitt Þjóðmenningarhús, Hörpu og Ríkislistasafn. Stjörnum prýdd starfsemin sem fer fram inni á þessum stofnunum er landi og þjóð til sóma og öðrum þjóðum til eftirbreytni. Vegna hrunsins eða smæðarinnar er þó sanngjarnt og eðlilegt að við notumst við heimatilbúid stjórnukerfi sem vissulega er að hluta byggt á alþjóðlegum stöðlum. Hér eru allir að gera sitt besta. Hvort sem það er meistari Mugison eða Geir H. Haarde, sem alltaf verður okkar Stoltenberg.

Listakonuna og fálkaorðuhafann Rúrí þarf ekki að kynna. Hún hefur í heil fjörutíu ár stundað sitt fag af mikilli elju og ósérhlífni, meðan aðrir efnilegir hafa gefist upp og lagst í sýt og sorg. Hún hefur vaknað eldsnemma á morgnanna og ekki látið hrún og tískubólur stoppa sig en hefur þó reynt að elta þær uppi þegar sá gállinn er á henni. Hún kallar ekki allt ömmu sína þegar kemur að gjörningalist

en vel mætti segja að hún sé okkar Marina Abramovic sem sjálf hefur gert tilkall til ömmu-titilsins. Dirfska Rúríar sem tilraunalistamanns hefur birst í gjörningum sem hafa þótt ganga undrum næst og það er gaman að sjá þessi sniðugu bernskubrek listakonunnar saman komin í smekklefum römmum, uppstækkuð og jafnvel endurgerð í fallegum sölum Listasafns Íslands.

Þá er skemmtilegt að rifja upp það tímabil í ferli listakonunnar sem kennt hefur verið við tommuna og sjá tommustokka raðað upp á alla mögulega og ómögulega vegu svo gengur undrum næst.

Rúrí er mikill náttúruunnandi og hefur gert gagnvirkar innsetningar þar sem náttúruundur og perlur spila stóra rullu. Verk sem sóma sér vel á ferðamannastöðum, Bláa lóninu og flugleiðahótelum og henta vel til Íslandskynninga. Það væri til dæmis víðeigandi og gaman að sjá Archive – Endangered Waters einhvers staðar í námunda við gullna þríhyrninginn eða í sendiráðinu okkar fallega í Berlín.

Hápunktur sýningarinnar er myndband af tilfinningaþrungnum gerningi í almannagjá sem ber nafnið Tileinkun II, frá árinu 2006. Í honum svamlar listakonan í Drekkingsarhyl og finnur fatadruslur kvenna sem fyrir á öldum var drekkt í hylnum fyrir lauslæti. Rúrí hefur sagst vonast til þess að hafa með gjörningnum hreinsað



VEL HEPPNAÐUR GJÖRNINGUR Hápunktur sýningar á verkum Rúríar í Listasafni Íslands er myndband af tilfinningaþrungnum gerningi í Almannagjá, að mati Ásmundar Ásmundssonar.

mannorð kvennanna, veitt þeim uppreisn æru. Það virðist hafa tekist og maður heyrir ekki lengur nokkurn mann hallmæla þessum ólánsömu konum í almannagjá og er þó ýmislegt látið flakka á veraldarvefnum þegar kemur að femínistum og klámi. Það væri samt vafasamt að kalla Rúrí femínista þótt vissulega hafi hún daðrað við hann á tímabili, hún er einfaldlega með sterka réttlætiskennnd eins og fólk af hennar kynslóð. Í nýlegu viðtali við Fréttablaðið sagði hún „Ofbeldi finnst mér ekki eiga nokkurn rétt á sér, í hvaða mynd

sem er.“ Líklegast eru fæstir til í að skrifa undir svona óbilgjarna afstöðu en listakonan kemst upp með það af því að hún er réttisýn og frumleg og af því að hún er „í hópi mikilvægustu listamanna evrópu“ svo vitnað sé í Dr. Christian Schön sýningarstjóra sýningarinnar.

Ásmundur Ásmundsson

Niðurstaða: Rúrí á stórglæsilegan feril að baki. Skilaboð verkanna eru einföld og stundum er þeim lamið ofan í listunnandann með öllum tiltækum ráðum án þess þó að ganga of nærri honum.

Í dag breytast


MAGNAÐIR MIÐVIKUDAGAR

25% afsláttur

Hleðslutæki í bíla

Ekki verða tómur á leiðinni

25% afsláttur af GSM hleðslutækjum í bílinn



Skoðaðu úrvalið á síminn.is eða í næstu verslun Símans.

Tusk í Norræna húsinu

„Það er mikil tilhlökkun í mér að fara þarna út í Norræna hús og djamma með félögum. Tusk er samstarfshópur góðra spilafélaga sem hafa verið að spila saman í gegnum árin í hinum og þessum hljómsveitum. Þetta eru allt saman toppgæjar sem eru að spila þarna með mér og hjá okkur ríkir alltaf mikil spilagleði.“ segir Pálmi Gunnarsson um félag sína í hljómsveitinni Tusk, sem flytur djass- og blússkotinn bræðing á tónleikum í Norræna húsinu í kvöld klukkan 9.

Tusk skipa, auk Pálma á bassa, gítarleikarinn Eðvarð Lárusson, trommuleikarinn Birgir Baldursson og píanóleikarinn Kjartan

Valdemarsson. Þess má geta að sá síðastnefndi hlaut á dögunum Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir tónsmíð ársins í djassflokki.

Tónleikarnir eru liður í dagskrá Jazzklúbbsins Múlans og Norræna hússins. Múlinn er samstarfsverkefni Félags íslenskra hljómlistarmanna og Jazzvakningar. Klúbburinn heitir í höfuðið á Jóni Múla Árnasyni sem var heiðursfélagi og verndari Múlans. Pálmi segir að djassinn lifi góðu lífi á Íslandi og metnaðarfull dagskrá Múlans í gegnum árin styðji við hann. „Þetta góða starf hjá Múlanum hefur ýtt undir það að ungir og gamlir tónlistarmenn fara af stað og fremja tónlist.“

- hhs



TUSK Hljómsveitina skipa þeir Pálmi Gunnarsson, Eðvarð Lárusson, Birgir Baldursson og Kjartan Valdemarsson. MYND/TUSK



DÍDÓ OG ENEAS Óperan eftir Purcell verður flutt í Salnum í kvöld.

Dídó og Eneas í Salnum

Söngdeild Tónlistarskóla Kópavogs, Balletskóli Sigríðar Ármann og strengjasveit Tónlistarskóla Kópavogs flytja óperuna Dídó og Eneas eftir Henry Purcell í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs í kvöld klukkan átta.

Með titilhlutverkin fara þau Elín Arna Aspelund og Áslákur Ingvarsson en auk þeirra koma fram fjöldi söngvara, dansara og hljóðfæraleikara. Leikstjórn sýningarinnar er í höndum Önnu Júlíönu Sveinsdóttur söngkennara skólans.

Óperan Dídó og Eneas var samin árið 1688 af Henry Purcell fyrir kvennaskóla í Chelsea við handrit sem Nahum Tate byggði á Eneasar-kviðu ítalska skáldsins Virgils. Sögupráðurinn, sem er blanda af rómverskri goðsögn og ævintýri, fjallar um orlagaríkt tilfinningasamband Dídó drottningar Karþagóborgar og trúverska kappans Eneasar sem lenti í hrakningum á sjóleið frá Trójuborg í Litlu Asú og náði landi í Karþagó, Túnis í dag, en Dídó, sem einnig er kölluð Elissa, var sögð hafa verið fyrsta drottning borgarinnar.

Aðgangur á óperuna er ókeypis.

fá|| FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA



Verið velkomin á opið hús í Fjölbrautaskólanum við Ármúla að Ármúla 12

Fimmtudaginn 15. mars
Kl. 16.30 – 18.30

Námsframboð, inntökuskilyrði og félagslíf skólans verður kynnt.



BYLGJAN 25 ÁRA 989

Heimir & Kolla vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

aukaatriðin í aðalatriði

25% afsláttur af öllum GSM aukahlutum á Mögnuðum miðvikudegi

Töskur og hlífar



Vantar þig hlíf utan um símann?

25% afsláttur af GSM töskum og hlífum

Handfrjáls búnaður



Þú ert öruggari með báðar á stýri

25% afsláttur af handfrjálsum búnaði

Minniskort



Kemst dótið ekki fyrir?

25% afsláttur af minniskortum

Síminn

FULLT HÚS AF

FARTÖLVUM

YFIR 50 GERÐIR AF FARTÖLVUM FRÁ TOSHIBA, APPLE, ASUS OG ACER



acer

Acer Aspire 5349-140

15,6" INTEL B815, 4GB
MINNI OG 320 GB.

89.990



ASUS

Asus K53E-SX831V

15,6" BLEIK
INTEL CORE I3.

119.990



TOSHIBA

TOSHIBA Satellite C660-2K1

15,6" INTEL B960, 4GB
MINNI OG 500 GB.

99.990



ASUS

ASUS Zenbook

11,6" INTEL CORE
I5 MEÐ SSD.
AÐEINS 1.1 KG.

199.990



TOSHIBA

TOSHIBA Satellite L755D-14N

15,6" 4 KJARNA AMD,
8GB MINNI OG BLU-RAY

139.990



TVÖFALT VINNSLUMINNI!
8GB Í STAÐ 4GB

13"



Macbook Pro

13" 2,4GHZ I5 -
TVEGGJA KJARNA.

224.990

tl.is



Fermingarkort Tölvulistans
Við bætum 10% við gjafaupphæðina!

TÖLVULISTINN

Heimilistæki

OPNUNARTÍMI:
Virka daga 9-18
Laugardag 11-16

**TÖLVU
LISTINN**

6 VERSLANIR
UM ALLT LAND

REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR KEFLAVÍK SELFOSS HAFNARFJÖRÐUR



BJÖRNINN varð í gærkvöldi Íslandsmeistari í íshokki með 7-4 sigri á Skautafélagi Reykjavíkur í fjórða leik úrslita-keppninnar. Sanngjarn sigur Bjarnarins í opnum og skemmtilegum leik þar sem Styrmir Snorrason, markvörður Bjarnarins, var maður leiksins ásamt Sergei Zak. Björninn vann þrjá leiki gegn einum í einvíginu. Mörk Bjarnarins skoruðu þeir Ólafur Björnsson (2 mörk), Hjörtur Björnsson (2), Matthias Sigurðsson, Sergei Zak og Úlfar Jón Andrésson.

ÚRSLIT Í GÆR

Iceland Express deild kve.

Keflavík - Snæfell 59-61 (27-27)
Stíg Keflavíkur: Pálína Gunnlaugsdóttir 29 (10 frák.), Eboni Mangum 10, Jaleesa Butler 8 (15 frák./6 varin), Sara Rún Hinriksdóttir 4, Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 4, Telma Lind Ásgeirsdóttir 2, Hrund Jóhannsdóttir 2.
Stíg Snæfells: Hildur Sigurðardóttir 16 (10 frák.), Jordan Lee Murphree 12 (13 frák.), Hildur Björg Kjartansdóttir 11, Kieraah Marlow 8 (10 frák.), Helga Hjördis Björgvinsdóttir 8, Alda Leif Jónsdóttir 4, Rósa Indriðadóttir 2.
Keflavík hefði orðið deildarmeistari með sigri en Snæfell tryggði sér sæti í úrslitakeppninni.

STAÐAN Í DEILDINN:

Keflavík	27	20	7	2050-1880	40
Njarðvík	26	19	7	2161-1951	38
Snæfell	27	15	11	1967-1999	30
Haukar	26	13	13	1908-1863	26
KR	26	13	13	1904-1808	26
Valur	26	11	15	1908-1928	22
Fjölnir	26	8	18	1856-2125	16
Hamar	26	6	20	1807-2007	12

- Fjögur efstu liðin komast í úrslitakeppnina

LEIKIRNIR Í KVÖLD

Fjölnir - Njarðvík	Dalhús klukkan 19.15
Valur - Hamar	Vodafonehöllin kl. 19.15
Haukar - KR	Schenkerhöllin kl. 19.15

Barca-taktar hjá Bayern

Bayern München vann 7-0 stórsigur á svissneska liðinu Basel í seinni leik liðanna í 16 liða úrslitum Meistaradeildarinnar. Mario Gomez skoraði fernu.

FÓTBOLTI Bayern München sýndi sannkallaða Barcelona-takta þegar liðið vann 7-0 stórsigur á Basel í gærkvöldi og tryggði sér sæti í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar. Úrslitaleikurinn fer fram á Allianz Arena í München í vor og ef marka má frammistöðu þýska liðsins í gær er allt eins líklegt að Bayern verði þar á heimavelli.

Basel vann fyrri leikinn 1-0 en það var ljóst frá byrjun að þetta yrði langt og erfitt kvöld fyrir Svisslendina sem voru mörgum númerum of litlir í gær. Arjen Robben og Franck Ribery fóru á kostum á köntunum og Mario Gomez var sem fyrir réttur maður á réttum stað í teignum. Gomez skoraði fjögur markanna og hefur

þar með skorað 10 mörk í 7 leikjum í Meistaradeildinni á þessu tímabili – sannkallaðar Messi-tölur á ferðinni þar.

Bayern München-liðið er komið á flug eftir tvo stórsigra og þrettán mörk í síðustu tveimur leikjum.

Arjen Robben kom Bayern í 1-0 eftir aðeins tíu mínútna leik. Hann hafði þá heppnina með sér þegar boltinn datt fyrir hann í teignum eftir að skot Thomas Müll-

er fór í varnarmann.

Thomas Müller kom Bayern síðan í 2-0 á 41. mínútu með skoti úr markteignum eftir fyrirgjöf frá Arjen Robben og þremur mínútum síðar var Mario Gomez búinn að skora þriðja markið eftir aukaspyrnu og sendingu Holgers Badstuber.

Gomez skoraði síðan þrjú mörk á fyrstu 22 mínútunum í seinni hálfleik og var þar með kominn með fernu í leiknum. Franck Ribery lagði upp öll mörkin fyrir hann.

ooj@frettabladid.is



ÚRSLIT Í GÆR

Meistaradeildin - 16 liða úrs.

Bayern München - Basel 7-0
 1-0 Arjen Robben (10.), 2-0 Thomas Müller (44.), 3-0 Mario Gomez (44.), 4-0 Gomez (50.), 5-0 Gomez (61.), 6-0 Gomez (67.), 7-0 Robben (81.)
 Bayern komst áfram samanlagt 7-1.

Inter Milan - Marseille 2-1
 1-0 Diego Milito (75.), 1-1 Brandão (90.+2), 2-1 Giampaolo Pazzini, viti (90.+6).
 Marseille komst áfram á marki á útivelli.

Enska úrvalsdeildin

Liverpool - Everton 3-0
 1-0 Steven Gerrard. (34.), 2-0 Gerrard (51.), 3-0 Gerrard (90.+3)

STEVEN GERRARD Fagnaði í gær.

Mynd/AP



Notar aðeins 3,5 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Kjóstu hagkvæmni. Verð frá 4.590.000 kr.



VOLVO S40 DÍSIL

Notar aðeins 3,9 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Endurreiknaðu líf þitt. Verð frá 5.990.000 kr.



VOLVO S60 DÍSIL

Notar aðeins 4,1 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Mættu ítrustu kröfum. Verð frá 6.290.000 kr.



VOLVO V60 DÍSIL

Notar aðeins 4,0 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Endurskilgreindu gæði. Verð frá 6.290.000 kr.



VOLVO S80 DÍSIL

Notar aðeins 4,1 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Upplifðu þægindi. Verð frá 6.490.000 kr.



VOLVO V70 DÍSIL

Notar aðeins 5,7 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Sláðu tvær flugur. Verð frá 9.090.000 kr.



VOLVO XC70 DÍSIL

Notar aðeins 5,6 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Lífðu í öryggi. Verð frá 8.890.000 kr.



VOLVO XC60 DÍSIL

SETTU GAMLA BÍLINN UPPÍ NÝJAN VOLVO





JUAN MATA Fagnar hér marki sínu í fyrri leiknum. NORDICPHOTOS/GETTY

Chelsea í Meistaradeildinni:

Munu sækja frá fyrstu mínútu

FÓTBOLTI Juan Mata og félagar hans í Chelsea eru síðasta von Englands í Meistaradeildinni en til þess að komast áfram í átta liða úrslitin þarf Chelsea-liðið að vinna upp 1-3 tap á móti ítalska liðinu Napoli í fyrri leiknum á Ítalíu.

„Við munum sækja frá fyrstu mínútu. Við erum með góða sóknarmenn og ætlum að pressa þá framarlega. Það er ekkert ómögulegt í fótbolta og við höfum áður náð góðum úrslitum á Stamford Bridge,“ sagði Mata.

Leikurinn hefst klukkan 19.45 en þá reynir líka á Real Madrid sem gerði 1-1 jafntefli í fyrri leiknum við CSKA Moskvu. - óóó

TEK MEÐ MÉR ALLA SKÓ

Helga Margrét Þorsteinsdóttir er á leiðinni í 3 vikna æfingabúðir til Ástralíu. Innanhússtímabilið gekk vel og Helga horfir nú til þess að ná lágmarkinu inn á ÓL í London í sumar. Þessa dagana er það þó „hamurinn“ sem ræður ferðinni.

FRIJALSAR ÍPRÓTTIR Helga Margrét Þorsteinsdóttir er farin að horfa til sumarsins eftir vel heppnað innanhússtímabil og fyrsta skrefið er að komast í æfingabúðir í sólinni í Ástralíu. Gamalgróin meidsli aftan í læri eru enn að gera vart við sig og munu því enn á ný hafa áhrif á leið Helgu að aðalmarkmiði sínu í ár sem er að komast inn á Ólympíuleikana í London í sumar.

„Þetta er aðeins búið að breytast. Þetta átti upphaflega að vera keppnisferð en núna verður þetta meiri æfingabúðir en keppni,“ segir Helga Margrét.

„Ég fer samt og tek með mér alla skó og keppnisgalla. Ég setti sjálfri mér það skilyrði eftir EM síðasta sumar þar sem ég þurfti að hætta vegna meiðsla að ég ætlaði aldrei aftur að byrja í sjöþraut ef mér fyndist ég ekki vera alveg tilbúin,“ segir Helga en meiðslið eru enn að angra hana.

„Það hefur gengið vel í vetur en ég er alltaf að glíma við meidsli aftan í læri. Við ákváðum að það væri ekki það sem ég gæti alltaf verið að æfa með. Ég er í stöðugri meðhöndlun alla daga og ég ætla ekki að láta æfingarnar vinna á móti henni. Meðhöndlunin hefur því forgang núna,“ segir Helga en hitinn í Ástralíu gæti haft góð áhrif. „Hitinn hefur alltaf haft rosalega góð áhrif á kroppinn á mér. Maður er orðinn svo hvítur og grár eitthvað hérna núna þótt að sólin sé aðeins farin að skína. Það verður gott að fá smá sól,“ segir Helga í léttum tón.

Helga Margrét sá fyrir sér að ná Ólympíulágmarkinu strax í Ástralíu en það gæti þurft að bíða á meðan hún er að ná sér góðri.

„Ég þarf að tækla þetta lágmark svoltið öðruvísi. Auðvitað er það búið að vera markmiðið rosalega lengi og er náttúrulega markmiðið ennþá. Ef maður ætlar samt

að einblína bara á það og láta allt annað fara til andskotans þá gengur það ekki. Það kemur bara ef það kemur,“ segir Helga um Ólympíulágmarkið sem er 5950 stig. Íslandsmetið hennar frá því í júní 2009 er 5.878 stig. Helga vill frekar mæta heil inn í sumartímabilið í maí í stað þess að taka einhverja áhættu í Ástralíu.

„Ég lít mjög björtum augum á þetta allt saman hvort sem að ég keppi í Ástralíu eða ekki. Ég er búin að vera með þessi meidsli meira eða minna í tvö ár og ég get alveg búið við því að það muni taka langan tíma að fara þegar þetta er búið að vera svona lengi,“ segir Helga en hún viðurkennir að þetta reyni á andlegu hliðina.

„Ég er orðin mjög þreytt á þessu og vera alltaf að æfa og keppa ofan í þetta. Núna langar mig að losna alveg við þetta og fara þá aftur af stað á fullu. „Hamurinn“ ræður svoltið ferðinni núna. Þegar



HELGA MARGRÉT ÞORSTEINSDÓTTIR MYND/HANS UURIKE

Ólympíulágmarkið hangir svona yfir manni þá verður maður að taka einn dag í einu. Ég hugsa ekkert um þetta Ólympíulágmark því það má ekki. Eina sem maður getur haft áhrif á er núðið,“ segir Helga að lokum. ooj@frettabladid.is

Notar aðeins 6,8 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Veldu yfirburðatekni. Verð frá 1 1.490.000 kr.



VOLVO XC90 DÍSIL



Volvo. Aðeins fyrir fólk með góða tilfinningagreind. Íhugaðu hvernig spartækni Volvo fleytir þér til framtíðar. Hugsaðu til lengri tíma. Veltu fyrir þér hag fjölskyldunnar. Veldu bíl af ábyrgð og njóttu öruggra vaxta af spartækni Volvo. Seldu okkur gamla bílinn og kaupu nýjan Volvo.

Volvo S60 er sigurvegarinn í flokki stærri fólksbíla í vali á Bíl ársins 2012

HJÓNABAND FEGURÐAR OG VERKFRÆÐI VELDU SPARTÆKNI VOLVO

Spartæknin frá Volvo er samfélagsleg. Þú getur fengið frítt í staði í 90 mínútur í Reykjavík, lágmarks losun á CO₂, start/stop tæknina og ofur hagkvæmar dísilvélar. Gegnheil og úthugsuð spartækni gefur þér vishæfni. Skoðaðu Volvo. Sjáðu hvernig hönnun Volvo dregur úr loftmótsstöðu. Svona færðu fjárhagslegt svigrúm. Veldu bíl sem er leiðandi í öryggi. Veldu bíl sem er sparsamur og hagkvæmur í heild sinni. Öryggi er lúxus. Veldu spartækni Volvo. Settu gamla bílinn uppí nýjan. Spyrðu um spartækni Volvo. Veldu Volvo.

Lifðu í lúxus. Komdu í kaffi á milli kl. 9 og 17 í dag
SETTU GAMLA BÍLINN UPPÍ NÝJAN VOLVO

visthæf skref
með Brimborg
Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað



Öruggur staður til að vera á



**Borðar
barnið þitt
líka sælgæti
í morgunmat?**

Mini Fras er holli valkosturinn

Mini Fras er ein af fáum morgunkornstegundum fyrir börn sem uppfylla kröfur Skráargatsins. Margar gerðir af morgunkorni sem ætlaðar eru börnum innihalda allt að 35 g af sykri í hverjum 100 g, sem er svipað magn og í 100 g af hlaupi eða lakkrís.





Ég er búin að vera að prufa að búa til kalda hafragrauta undanfarið. Þá bý ég til kasjúhnetu eða möndlumjólks og set til dæmis höfræ út í. Svo helli ég mjólkinni yfir hráa tröllahafra. Ég bý grautinn til kvöldið áður og set svo ávexti og ber út á hann á morgnana. Þetta er alveg geðveikt.

Hrefna Rósa Sætran, kokkur.

Kutcher mætti á opnun Evu Mariu í Hollywood

„Það var gaman á opnunarkvöldinu og gestirnir mjög hrifnir,“ segir framleiðandinn Eva Maria Daniels sem nýverið stofnaði listagallerí á netinu undir nafninu Gallery for the People.

Listagalleríð er hlíðarverkefni hjá Evu Mariu sem hefur getið sér góðs orðs sem kvikmyndaframleiðandi í Los Angeles. Í galleríinu verða til sýnis verk eftir nýja jafnt sem rótgróna listamenn þar sem netið er sýningarrýmið. „Ég hef alltaf verið mjög heilluð af list og þekki mjög marga sem deila þessum áhuga, en búa út um allan heim og hafa því ekki tækifæri til að sækja allar þær sýningar sem þeir vilja. Þess vegna fannst mér sniðugt að nota netið sem sýningarrými og leyfa þá öllum að hafa jafnan aðgang að sýningunum, sama hvort þeir vilji skoða eða festa kaup á verkunum.“

Reglulega ætlar Eva Maria að halda svo-

kallaðar „pop up“ sýningar en hún gerir sér grein fyrir að sumir geta ekki keypt list án þess að sjá verkin berum augum. Fyrsta sýning Evu Mariu var haldin í sýningarrými Soho House í Hollywood í síðustu viku þar sem stjórnur á borð við Ashton Kutcher, Melanie Griffith og Danny Masterson voru meðal gesta. Gestgjafi var leikkonan Dakota Johnson en hún lék einmitt eitt af aðalhlutverkunum í seinustu mynd sem Eva Maria framleiddi, Goats. „Það er gaman að geta sameinað starfsemi gallerísins og framleiðslufyrirtækisins að einhverju leyti. Dakota Johnson er yndisleg og safnaði saman mjög skemmtilegu fólki á þessa fyrstu sýningu. Melanie Griffith var hrifin og keypti tvö verk af okkur,“ segir Eva Maria en hægt er að fylgjast með og skoða galleríð á síðunni Galleryforthepeople.com.



MEÐ MÖRG JÁRN Í ELÐINUM Kvikmyndaframleiðandinn Eva Maria Daniels stofnaði nýverið listagallerí á netinu og var fjölmennt á opnunarkvöldinu í Hollywood þar sem Ashton Kutcher og Melanie Griffith voru meðal gesta.

NORDICPHOTOS/GETTY



FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

SKEMMTILEGRI



NÝR OG BETRI ÁLFUR Búningahönnuður Batman hefur tekið að sér að uppfæra búning Íþróttálfins fyrir þriðju þáttaröð Latabæjar. Tekin hafa verið mót af líkama Magnúsar Scheving fyrir nýja búninginn.

HREFNA BJÖRK SVERRISDÓTTIR: HASARHETJULEGAR VIÐBÆTUR

Búningahönnuður Batman tekur Íþróttálfinn í gegn

„Okkur langaði að uppfæra búninginn og gera hann meira spennandi með því að bæta við tækjum og tólum,“ segir Hrefna Björk Sverrisdóttir, verkefnastjóri Latabæjar.

Undirbúningur fyrir tókur á þriðju þáttaröð Latabæjar stendur nú yfir og munu þó nokkrar skemmtilegar nýjungar líta dagsins ljós í þáttunum. Búningur Íþróttálfins fær meðal annars útlitsyfirhalningu og við hann munu bætast ýmis spennandi tæki og tól. Bandaríska fyrirtækið Ironhead Studio sér um vinnuna við búninginn, en það er á meðal færustu fyrirtækja í búningahönnun í dag. Fyrirtækið er í eigu búningasmíðsins Jose Fernandez sem

hefur meðal annars skapað búningana fyrir Batman myndirnar, X-Men, Fantastic Four, Hellboy, Planet of the Apes, Alien, Thor og Death Becomes Her svo fátt eitt sé nefnt.

„Við höfðum samband við Jose og honum fannst verkefnið spennandi því hann hafði meðal annars aldrei unnið við barnaefni áður,“ segir Hrefna. „Það kom okkur líka skemmtilega á óvart hversu hrifinn hann var af upprunalega búningi Íþróttálfins, honum fannst hönnunin mjög góð og allt útlit þáttarins flott.“

Hrefna segir nýjan bakpoka bætast við búning Íþróttálfins ásamt ýmsu öðru. „Únlíðsböndin fá einnig skemmtilega viðbót sem

gera Íþróttálfinn aðeins hasarhetjulegri,“ útskýrir hún.

Magnús Scheving, skapari Latabæjar, fer með hlutverk Íþróttálfins og flaug hann út til Los Angeles í síðustu viku þar sem tekin voru af honum mót og myndir svo hægt væri að hefjast handa við gerð nýja búningsins. Að sögn Hrefnu Björku mun nýr og betri Íþróttálfur koma fyrir sjónir almennings í byrjun næsta árs þegar nýja þáttaröðin fer í loftið.

Búningur Íþróttálfins verður þó ekki eina nýjungin í þáttunum og má sem dæmi nefna að ný leikona fer með hlutverk Söllu stíru í þáttunum auk þess sem nýr leikari mun bætast við hópinn sem fyrir er.

sara@frettabladid.is

Útrásarvíkingar að blásturshljóðfærum

Örn Alexander Ámundason, ný-útskrifaður listamaður frá Listaháskólanum í Malmö, var með verk á opnun The Armory Show í New York. Sýningin er svonefnd listamessa þar sem gallerí setja upp sýningar í þeim tilgangi að kynna starfsemi sína og selja verk. Í ár var lögð sérstök áhersla á Norræna list og tóku meðal annars listamennirnir Shoplifter, Ragnar Kjartansson og Björk þátt í sýningunni.

Verk Arnar Alexanders nefnist Kreppa og er tónverk sem hann samdi árið 2009 og er ætlað þrettán hljóðfærum. „Ég valdi þrettán einstaklinga sem mér þóttu koma sérstaklega við sögu efnahagskreppunnar og gerði hvern einstakling að ákveðnu hljóðfæri. Þannig urðu stjórn-málamenn strengir, útrásarvíkingarnir

urðu að blásturshljóðfærum, bankar og fjölmiðlar urðu lúðrar og mót-mælendur urðu slagverkshljóðfæri,



KREPPAN Í TÓNLIST Örn Alexander Ámundason fékk tækifæri til að sýna verk sitt, Kreppu, á opnun The Armory Show í New York. Jón Ásgeir Jóhannesson og Davíð Oddsson koma fyrir í verki Arnar.

sem oft eru nefnd hjarta hljómsveitar. Þannig breytti ég til dæmis rödd Davíðs Oddssonar í selló á meðan rödd Jóns Ásgeirs varð að flautu,“ útskýrir Örn.

Verkið var flutt í tvígang á miðvikudaginn var og voru móttökurnar jákvæðar að sögn Arnar. Fjölmiðlar hafa einnig sýnt verkinu áhuga og skrifuðu Art in America, Artfagcity.com og Artinfo.com umsnagnir um verkið.

Örn verður í New York fram á fimmtudag og heldur þá aftur til Malmö, þar sem hann er búsettur. Aðspurður segir hann dvölina í New York hafa verið skemmtilega og fræðandi. „Það er áhugavert að sjá hvernig svona stórt batterí er rekið og svo er náttúrulega spennandi að fá tækifæri til að sýna utan Evrópu.“

- sm

mini
pítur

Nýr og skemmtilegur valkostur

Nú bjóðum við okkar frábæru pítur sem smárétti fyrir öll stór og smá telfni. Mini píturarnir eru afgreiddar á hentugum bökkum í premur útfærslum*

- Klassik: Buff, kjúklingabringa, grænmeti, lamb og beikon
- Exótík: Sjávarréttir, lax, kalkún-beikon og kebab
- Mix: Roastbeef, buff, skinka og kjúklingalundur

*Pantanir þurfa að berast fyrir 15:00 daginn áður

pítan
Skiptuholti 50 C
Pöntunarsími: 562 9090
www.pitan.is

klassik mix exótík

12 mini pítur
2.990.-

FLUG EÐA BÍLL

EINFALT REIKNINGSDÆMI

FLUGFELAG.IS

75 | ÁR Á FLUGI



00:40



MÍÐI = 6.750 kr.



BLÖÐ



KAFFI

FRÁ **6.750 kr.**

REYKJAVÍK



AKUREYRI



05:30



ELDSNEYTI = 11.968 kr.*



RÚÐUPISS = 741 kr.



GÖNGIN = 1.000 kr.



PYLSA = 310 kr.



PYLSA = 310 kr.



GOS = 240 kr.



ÍS = 395 kr.



KAFFI = 245 kr.

FRÁ **15.209 kr.**

JÁ, ÞAÐ BORGAR SIG! Við hjá Flugfélagi Íslands viljum ekki horfa niður á þá sem aka á milli en í 18.000 feta hæð er stundum erfitt að komast hjá því. Á Íslandi var ekki til neitt sem hét bein leið áður en flugið kom til sögunnar og þegar allt kemur til alls þá borgar sig frekar að fljúga beint en keyra krókaleiðir. Komdu um borð. Við erum með heitt á könnunni.

*Skv. töflu FÍB; bifreið í 3.350.000 kr. verðflokki: 31,33 kr. á km.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja



Póst: dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

LÖGFRÓÐUR

LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU

ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF
fyrir almenning í Háskólanum í Reykjavík.
Sendið fyrirspurn á logfrodur@hr.is



LÖGRETTA
Félög lagmanna við Háskólanum í Reykjavík

logfrodur.hr.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Sýnir í New York

Stuttmyndin Útrás Reykjavík í leikstjórn **Ísoldar Uggadóttur** hefur verið valin á kvikmyndahátíðina New Directors/New Films sem fer fram í New York dagana 21.mars - 1.apríl. Hátíðin er haldin á vegum Museum of Modern Art og The

Film Society of Lincoln Center en alls eru 12 stuttmyndir valdar inn á hátíðina. New Directors/New Films er þekkt fyrir að kynna til leiks ný nöfn í kvikmynda-bransanum en meðal þeirra sem stígu sín fyrstu skref á hátíðinni eru Pedró Almodóvar, Steven Spielberg og Spike Lee.



Sigríður skal hún heita

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, og eiginkona hans, Anna Sigurlaug Pálsdóttir, eignuðust sitt fyrsta barn í lok janúar. Sigmundur, sem fagnaði 37 ára afmælinu sínu á mánudaginn síðastliðinn, var að vonum uppnuminn vegna þessa nýja fjölskyldumeðlims og varð litla fjölskyldan strax vinsælt umfjöllunarefni hvarvetna. Sigmundur var heiðursgestur á árshátíð stjórnmálafræðinema á föstudag þar sem hann greindi frá því að litla stúlkan skyldi skírð sunnudaginn eftir, sem hún og var, og fékk þingmannsdóttirin nafnið Sigríður Elín.

- áþ, sv



Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Baldur farinn í fangelsi – óskaði sjálfur eftir að hefja ...
- 2 Kona barin ítrekað með áhaldi í háskólanum á Hólum
- 3 Þurfti að kúka í miðri sýningu
- 4 Fyrrverandi bankastjórari í djúpri afneitun
- 5 Tveir mánuðir þar til ákvörðun verður tekin um ákæru

SPORT
Bein sýning

MEISTARAEILD EVRÓPU Í KVÖLD Á STÖÐ 2 SPORT

19.00 ÞORSTEINN J. OG GESTIR
19.30 CHELSEA - NAPOLI
19.30 REAL MADRID - CSKA
21.45 ÞORSTEINN J. OG GESTIR

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

Ertu að leita
upplýsinga?
www.suzuki.is



Way of Life!

Suzuki Swift

Auðsýnilegur

Græn stærri í Reykjavík
Visthæfur bíll



Verð frá 2.450 þús.
Eyðsla frá 5,0L/100km
(blönduðum akstri,
beinskiptur)
CO₂ 116g/km



Einn vinsælasti bíllinn á Íslandi undanfarin ár enn betri og flottari - stærri og rúmbetri og með einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél. Býðst beinskiptur og sjálfskiptur og einnig með fjórhjóladrifi beinskiptur. Swiftinn hlaut 5 stjörnur í N-CAP öryggisprófuninni og kemur með ESP stöðugleikakerfi og 7 öryggisloftþúðum sem staðalbúnaði.



FYRIR SKYNSAMT FÓLK



SUZUKI

TRAUST UMBOÐ
I YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS